# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

70. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 23. MARS 2017



**Fréttablaðið í dag**

**SKOÐUN** Reynir Arngrímsson segir húsnæði Landspítalans þjóðarskömm. 14

**LÍFIÐ** Harpa Einarsdóttir sýnir fyrstu heilu línuna sem hún hannar undir merkinu Myrka á RFF. 40

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● SAMEIGNIN


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




Íslendingum gafst tækifæri til að kynna sér sýrlenskar matarhefðir í gærkvöldi þegar hópur Sýrlendinga sem búsettir eru á Íslandi stóð fyrir góðgerðarkvöldverði til styrktar Krafti. Sumir þeirra sem stóðu að atburðinum komu hingað sem flóttafólk, aðrir af öðrum ástæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Fylgið hrynur af Bjartri framtíð og Viðreisn

**Hvorki Björt framtíð né Viðreisn næðu manni á þing ef kosið væri í dag. „Við eigum helling inni,“ segir varaformaður Viðreisnar. Vinstri græn gætu myndað þriggja flokka stjórn með Pírötum og Samfylkingu. Sjálfstæðisflokkur stærstur.**

**STJÓRNMÁL** Hvorki Viðreisn né Björt framtíð myndu ná manni kjörnum á Alþingi yrðu niðurstöður alþingiskosninga í takt við nýja skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Þar með væri ríkisstjórnin fallin. Björt framtíð fengi 3,8 prósenta fylgi en Viðreisn 3,1 prósent.

„Við eigum helling inni. Við erum nú þegar búin að vinna að mjög mörgum góðum málum sem eru komin í farveg og við munum halda áfram að gera það á kjörtímabilinu og sanna okkur,“ segir Jóna Sólveig Elínardóttir, varaformaður Viðreisnar.

Sjálfstæðisflokkurinn yrði stærsti flokkurinn samkvæmt könnuninni og fengi 32,1 prósents fylgi. Vinstri græn fylgja fast á eftir og væru með 27,3 prósenta fylgi, Píratar yrðu þriðji stærsti flokkurinn með 14,3 prósenta fylgi, Samfylkingin fengi

**Fylgi flokkanna**




8,8 prósenta fylgi og Framsóknarflokkurinn yrði minnsti flokkurinn á Alþingi með sjö prósenta fylgi.

Samkvæmt þessu væri Samfylkingin að sækja í sig veðrið því flokkurinn fékk 5,7 prósent atkvæða í síðustu kosningum. „Sígandi lukka,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar. Hann segir að flokkurinn muni halda áfram að endurvinna traust. „Þetta eru stór tíðindi, að miðju- og félagshyggjuöflin eru að ná býsna sterkri stöðu. Og þetta staðfestir kannski að Sjálfstæðisflokkurinn tók Bjarta framtíð og Viðreisn á ippon í stjórnarsamstarfinu,“ bætir hann við.

Yrðu þetta niðurstöður kosninga myndi Sjálfstæðisflokkurinn fá 23 þingmenn, Vinstri græn 19, Píratar 10, Samfylkingin 6 og Framsóknarflokkurinn 5.

Samkvæmt þessu myndi þingflokkunum fækka úr sjö í fimm. Þá gætu Vinstri græn myndað þriggja flokka stjórn með Pírötum og Samfylkingunni. – jhh / sjá síðu 8

## Vitni skelfingu lostin í London

**BRETLAND** „Þetta er ekki eitthvað sem ég vildi verða vitni að á hverjum degi,“ sagði vitni að árásinni við þinghúsið í London í gær.

Þingmenn á breska þinginu voru læstir inni í þingsal, umferð var stöðvuð og ýmsar aðrar varúðarráðstafanir voru gerðar í kjölfar árásar í nágrenni breska þinghússins í gær.

Málið er rannsakað sem hryðjuverkaárás og fór rannsókn af stað í gær. Lögregla telur að einn árásarmaður hafi verið að verki. Minnst fjórir fórust í árásinni. – þea / sjá síðu 6

## Sérleyfi til að kafa í Silfru

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hugmyndir eru uppi um að bjóða út sérleyfi fyrir köfun í Silfru. Frumvarp þess efnis er til meðferðar í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

„Þetta mun ekki bresta á á næstu vikum eða mánuðum. Við höfum engu að síður nokkuð fastmótaðar hugmyndir um hvernig best sé að haga þessu,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

Núna bjóða níu fyrirtæki upp á köfunarferðir í Silfru. – jóe / sjá síðu 4










## Veður




Sunnan hvassviðri eða stormur. Snjókoma eða slydda í fyrstu, síðan hlýnar og rignir en úrkomulítið verður norðaustan til á landinu. SJÁ SÍÐU 26

# Ráðherra krafinn um úrbætur



**Á sjötta þúsund undirskriftir söfnuðust í átaki Barnaheilla – Save the Children á Íslandi þar sem skorað er á mennta- og menningarmálaráðherra að afnema gjaldtöku fyrir námsgögn. Ráðherrann, Kristján Þór Júlíusson, tók á móti áskoruninni í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Öflugt öryggi í Kauphöllinni

**SAMFÉLAG** Niðurstöður athugunar Fjármálaeftirlitsins á tölvukerfi Kauphallarinnar leiddu í ljós að öryggi tölvukerfa Kauphallar Íslands sé öflugt. Fjármálaeftirlitið gerði þó eina athugasemd um að ítarlegri sviðsmyndagreining þurfi að fara fram vegna lykiláhættuþátta sem tengjast tölvuöryggi. Eftirlitið setti einnig fram nokkrar ábendingar um atriði sem það taldi að betur megi fara.

Fjármálaeftirlitið hefur í samstarfi við fjármálaeftirlit Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands, þar sem Nasdaq Nordic rekur kauphallir, framkvæmt athugun á öryggi tölvukerfa á grundvelli samstarfssamnings um eftirlit með kauphöllum Nasdaq á Norðurlöndum. Kauphöll Íslands og systurkauphallir hennar eru í nánu samstarfi og byggir skipulag þeirra að miklu leyti á innra útvistunarfyrirkomulagi þar sem fjölmörg verkefni eru leyst af hendi í mismunandi starfseiningum innan samsteypu Nasdaq. Fyrirkomulagið kallar því á aukið samstarf eftirlitsaðila með kauphöllum Nasdaq og er umrædd athugun á öryggi tölvukerfa liður í því samstarfi. **– bb**

## Helíum verði notað sparlega

**SAMFÉLAG** Á fundi Umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar var tekin til umræðu notkun á helíumblöðrum hjá bænum. Leggur ráðið til að Hafnarfjarðarbær og stofnanir hans hætti að nota helíum í gasblöðrur. Í bókun ráðsins segir að helíum sé sjaldgæft á jörðinni og gríðarlega verðmætt. Það sé eitt fárra frumefna sem leka úr lofthjúpi jarðar og út í geim og er því ekki sjálfbært.

„Vísindamenn hafa í nokkur ár kallað eftir banni á notkun á helíum í gasblöðrur, vegna þess hve dýrmætt það er fyrir læknavísindin og önnur vísindi og þar sem það er af skornum skammti,“ segir í bókun Umhverfis- og framkvæmdaráðsins. **– bb**

## 170 þúsund inn Eyjafjörðinn

**FERÐAÞJÓNUSTA** Áætlað er að um 170 þúsund manns komi til Akureyrar í sumar með skemmtiferðaskipum. Er það næstum tífaldur fjöldi íbúa bæjarins.

Siglingum skemmtiferðaskipa hefur fjölgað mikið hér um slóðir síðustu ár og hefur skipum til Akureyrar til að mynda fjölgað um 50 prósent á aðeins þremur árum.

Fyrsta skipið kemur til hafnar morguninn 13. maí og mun vertíðin síðan standa yfir til 19. september en 121 skip mun koma til hafnar þetta sumarið.

Stærsta skipið er MSC Preziosa, 140 þúsund brúttótonn að stærð og tekur um 3.500 farþega auk áhafnar. **– sa**

**» Fyrsta skipið kemur til hafnar morguninn 13. maí og mun vertíðin síðan standa yfir til 19. september.**

COLLEGE DAY SCANDINAVIA 2017
THE NORDIC TOUR
March 24, 2017
14:30–17:00
Reykjavik University
EXHIBITORS INCLUDE:
SAVANNAH COLLEGE OF ART & DESIGN
FLORIDA INSTITUTE OF TECHNOLOGY
UNIVERSITY OF HAWAII AT MANOA
STANFORD UNIVERSITY
FREE EVENT:
Learn all about studying in the U.S.
Scholarships
Applications
How to pick the right college
Talk directly with college reps & alumni
SIGN-UP ONLINE
www.CollegeDayScandinavia.org

# Leigubílum fjölgar ekki í takti við ferðamenn

**Leigubílstjórar í Reykjanesbæ eru ósáttir við að rútufyrirtæki skutlist með farþega og finnst að hver sem er geti vaðið inn á þeirra starfssvið. Leigubílaleyfum hefur ekki fjölgað á Íslandi þrátt fyrir algjöra sprengingu í fjölgun ferðamanna.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Leigubifreiðum á Íslandi hefur ekki fjölgað síðan ferðamenn voru 100 þúsund. Þrátt fyrir gífurlega fjölgun ferðamanna eru leigubílaleyfin enn um 600 talsins og hefur ekki fjölgað í nokkur ár. Til að geta orðið leigubílstjóri þarf að gangast undir þrenns konar nám og próf auk þess að aka sem afleysingamaður hjá leyfishafa í 1.250-1.600 daga áður viðkomandi getur öðlast réttindi til að aka fólki gegn gjaldi.

Bifreiðastjórafélagið Fylkir og A-stöðin, leigubílar í Reykjanesbæ, sendu inn umsögn varðandi frumvarp um farþega- og farmflutninga þar sem þetta kemur fram.

Valur Ármann Gunnarsson, talsmaður Fylkis, segir að fjölmargir hafi vaðið inn á þeirra starfsvettvang og svört atvinnustarfsemi blómstri í ferðaþjónustunni. „Það er varla hægt að sjá bíla í dag nema með ferðamenn og enginn þeirra hefur leyfi til fólksflutninga. Það ríkir algert gullgrafaraæði hér. Við erum búin að funda með ríkisskattstjóra og lögreglu til að fá þá til að takast á við þetta,“ segir hann.

Í umsögn SBA-Norðurleiðar um frumvarpið er ósk um að nýta allt að átta manna bifreiðar í hópbifreiðaakstri og að eðalvagnaþjónusta falli ekki undir skilyrði um leigubílaakstur. „Rútufyrirtækjum er ekki heimilt að sækja farþega á hótel og skutla á BSÍ eða í Holtagarða. Við erum með ákveðinn einkarétt á flutningum á færri farþegum. Rútufyrirtæki eru að sækja einn og einn farþega og vilja nú fá að nota smærri bíla til að skutlast með farþega. Það er ekki þeirra starf.“

Valur bendir á að hver ferð sé laun leigubílstjóra. Séu aðrir að sinna þeirra störfum sé lítið til skiptanna. Þá sé starfsstéttin skattpínd. „Við borgum fullt gjald af eldsneyti og virðisauka af viðhaldi og fleira og fleira. Rútufyrirtæki eru með niðurfellingu á virðisaukaskattinum. Lagaumhverfið hér er óstabílt og allir virðast geta farið inn á þetta svið án þess að löggjafinn og eftirlitsaðilar geri nokkurn skapaðan hlut. Það virðist vera að rútufyrirtæki hafi góðan hljómgrunn þessa stundina og í umsögn þeirra nota þeir að það sé óumhverfisvænt að skutlast með fáa á stórum bílum. Það er mikið bull í gangi og við hreinlega vitum ekki hvernig á að tækla svona vitleysu,“ segir Valur.



**Þrír leigubílstjórar biðu eftir fundi samgöngunefndar Alþingis í gærmorgun. Valur Ármann Gunnarsson er lengst til hægri.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það er varla hægt að sjá bíla í dag nema með ferðamenn og enginn þeirra hefur leyfi til fólksflutninga.**
>
> Valur Ármann Gunnarsson, talsmaður Fylkis

benediktboas@365.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# SÚPER TILBOÐ Á GRILLUM



weber

**Gasgrill Weber Q3200**
Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur, postulín glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Brennari: 6,35 kW/h—21.700 BTU. Grillflötur: 63x45 cm, efri grind: 40x11 cm.
3000380

**Þú sparar: 8.090 kr.**

**74.900 kr**
~~82.990~~ kr

## ÖLL WEBER OG OUTBACK GRILL Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
GILDIR AÐEINS FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



weber
**Þú sparar: 4.760 kr.**
**Gasgrill Weber Q2200**
Frábært heima eða í ferðalagið. Grillflötur: 39x54 cm.
3000377
**48.690 kr**
~~53.450~~ kr



weber
**Þú sparar: 3.000 kr.**
**Gasgrill Weber Q1200**
Frábært heima eða í ferðalagið. Grillflötur: 32x42 cm.
3000376
**36.900 kr**
~~39.900~~ kr



weber
**Þú sparar: 5.000 kr.**
**Gasgrill Q2200**
Meðfærilegt gasgrill á fótum, postulínglerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Grillflötur: 39x54 cm, ryðfrír brennari 3,51 kW/h—12.000 BTU, rafstýrður kveikjurofi.
3000378
**54.900 kr**
~~59.900~~ kr



OUTBACK
**Þú sparar: 5.000 kr.**
**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara. með hliðaborði. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225
**15.990 kr**
~~20.990~~ kr



OUTBACK
**Þú sparar: 11.000 kr.**
**Gasgrill**
Sunset Solo 3. 3ja brennara. Grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfríir brennarar. Hitamælir, 9,67 kW.
3000393
**25.990 kr**
~~36.990~~ kr

**Byggjum á betra verði**



SENDUM FRÍTT HEIM
VERSLAÐU Á HUSA.IS

# Brasilíumenn eru sakaðir um útflutning á úldnu kjöti

**BRASILÍA** Til þess að sýna umheiminum að brasilískt kjöt sé ekki jafnslæmt og kom í ljós við húsleit lögregluyfirvalda síðastliðinn föstudag bauð forseti Brasilíu, Michel Temer, sendiherrum erlendra ríkja til málsverðar á einu af bestu steikhúsum höfuðborgarinnar um helgina.

Forsetinn sat við hlið sendiherra Kína, sem í fyrra keypti nautakjöt frá Brasilíu fyrir 225 milljarða íslenskra króna, og pantaði nautakjöt, lambakótelettur og pylsu. Kjötið sem Temer bauð sendiherrunum upp á reyndist hins vegar vera frá Úrúgvæ og Ástralíu og þykir það sérlega neyðarlegt í ljósi atburða síðustu daga.

Lögreglan lét til skarar skríða gegn um 200 kjötframleiðendum eftir tveggja ára rannsóknir. Þeir eru meðal annars grunaðir um að selja úldið og salmónellusmitað kjöt. Þeir eru jafnframt grunaðir um að hafa hakkað pappakassa saman við kjöthakk. Yfir 30 fyrirtæki eru sökuð um að hafa notað sýru og önnur efni til að fela ástand kjötsins. Í sumum tilfellum hafa verið notuð efni sem geta valdið krabbameini, að því er BBC hefur eftir lögreglunni.


Temer bauð sendiherrum á veitingastað til að sannreyna ágæti kjötsins.

Starfsmenn matvælastofnunarinnar í Brasilíu, sem sinna eiga eftirliti með kjötframleiðslunni, eru grunaðir um að hafa tekið við mútum og hafa 33 þeirra verið settir í gæsluvarðhald.

Forsetinn hefur bent á að í Brasilíu séu 4.837 sláturhús. Aðeins 21 þeirra hafi ekki uppfyllt tilskildar kröfur. Tilraunir hans til að benda á ágæti brasilísks kjöts hafa ekki borið árangur. Kína hefur stöðvað allan innflutning á rauðu kjöti frá Brasilíu, Evrópusambandið hefur hætt viðskiptum við kjötframleiðendurna sem liggja undir grun og Hong Kong, Japan, Mexíkó, Síle og Suður-Kórea hafa takmarkað innflutning á kjöti frá Brasilíu.

Brasilía er stærsti útflytjandi heims á nauta-, grísa- og fuglakjöti. **– ibs**


Á Ólafsfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNAS

## Sjúkrabíll en ekki vakt

**HEILBRIGÐISMÁL** Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Norðurlands hefur ákveðið að leggja af sjúkrabílavakt á Ólafsfirði en að sjúkrabíllinn verði áfram staðsettur þar og verði tiltækur ef aðstæður krefjast.

„Tryggja þarf viðbragð þar við bráðum uppákomum og er stefnt að því að mynda hóp vettvangsliða í samstarfi við slökkvilið og/eða björgunarsveit til að sinna fyrsta viðbragði áður en sjúkrabíll kæmi frá Siglufirði eða í undantekningartilfellum frá Dalvík,“ segir um málið í fundargerð bæjarráðs Fjallabyggðar sem mótmælir ákvörðuninni harðlega. **– gar**

## Nýtti heimildir sínar til fulls

**EFNAHAGSMÁL** Virði erlendra eigna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna lækkaði um 21,2 milljarða króna á síðasta ári vegna gengisáhrifa krónunnar. Þetta kom fram í máli Guðmundar Þ. Þórhallssonar, framkvæmdastjóra sjóðsins, þegar hann flutti yfirlit um afkomuna á árinu 2016 á ársfundi sjóðsins í fyrrakvöld.

Fram kom í máli hans að sjóðurinn nýtti til fulls allar gjaldeyrisheimildir Seðlabankans á árinu 2016 til kaupa á erlendum eignum. Með því hafi verið fylgt fjárfestingarstefnu sjóðsins með aukinni dreifingu eigna og fjárfestingu til langs tíma. Erlend verðbréfaeign sjóðsins nam um 159 milljörðum króna í lok ársins, en var um 153 milljarðar í árslok 2015. **– jhh**

# Sérleyfi þurfi til að kafa í Silfru

**Þjóðgarðsvörður telur ákjósanlegt að haldin verði útboð á sérleyfum til köfunar í Silfru. Brýnt sé að bregðast tafarlaust við straumi kafara í gjána. Frumvarpsdrög um málið eru til meðferðar í umhverfisráðuneytinu. Gæti orðið fyrirmynd fyrir aðra staði.**


Tíu ferðaþjónustufyrirtæki bjóða köfun í Silfru. Hugmyndir þjóðgarðsvarðar fela í sér að fækka þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hugmyndir eru uppi um að bjóða út sérleyfi fyrir köfun í Silfru. Frumvarp þess efnis er til meðferðar í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

„Þetta mun ekki bresta á á næstu vikum eða mánuðum. Við höfum engu að síður nokkuð fastmótaðar hugmyndir um hvernig best sé að haga þessu,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

Sem stendur bjóða níu fyrirtæki upp á köfunarferðir í Silfru og getur hver sem er, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, stofnað fyrirtæki og boðið upp á slíka þjónustu. Árlega heimsækja um 50 þúsund manns þjóðgarðinn í þeim tilgangi að kafa þar.

„Þarna yrðu boðin út ákveðið mörg sérleyfi sem köfunarfyrirtæki geta boðið í. Leyfunum yrði síðan úthlutað út frá hæstu tilboðum eða öðrum fyrirfram ákveðnum reglum. Þau fyrirtæki sem hljóta leyfi fengju síðan ákveðna aðgangstíma til að nýta sér,“ segir Ólafur.

Að mati þjóðgarðsvarðarins myndi fyrirkomulag sem þetta bæta þjónustu fyrir gestina og auðvelda fyrirtækjum að stunda sína starfsemi við betri rekstrarskilyrði en þekkjast nú. Þá yrði þetta til að auka öryggi á köfunarstaðnum en öryggismál í Silfru hafa verið í brennidepli að undanförnu. Fyrr í þessum mánuði var gjánni lokað eftir að ferðamaður lést við snorkl. Var það annað banaslysið á þessu ári.

Til að þessi hugmynd geti orðið að veruleika þarf lagabreytingu. Ólafur segir að á síðasta kjörtímabili hafi verið samin drög að frumvarpi um efnið. Sú vinna fór fram í forsætisráðuneytinu en þegar ný ríkisstjórn tók við voru málefni Þingvalla færð frá forsætisráðuneytinu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

„Ef þessi tilraun tekst vel þá gæti þetta verið módel sem nýtist vel fyrir aðra staði þar sem ásókn er gríðarleg,“ segir Ólafur. Hann leggur áherslu á að málið sé afar brýnt og þoli litla bið. „Ferðamönnum sem hingað koma fjölgar og fjölgar og samhliða fjölgar í Silfru. Við höfum ekkert val. Við verðum að bregðast við. Ég vona að þetta frumvarp komi sem fyrst inn á gólf þingsins.“

> **Ef þessi tilraun tekst vel þá gæti þetta verið módel sem nýtist vel fyrir aðra staði þar sem ásókn er gríðarleg.**
>
> Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum



Steinar Kaldal, aðstoðarmaður Bjartar Ólafsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, staðfestir að umrætt frumvarp sé í vinnslu hjá lögfræðingum ráðuneytisins. Hins vegar liggi ekki ljóst fyrir hvort eða hvenær frumvarpið verði lagt fram eða hvaða breytingum það hafi tekið. Áður hefur ráðherrann sagt að hún telji brýnt að stýra umferð í Silfru. **johannoli@frettabladid.is**




ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.FIAT.IS


UPPRUNAVOTTUÐ FRAMLEIÐSLA
Engin orka er vistvænni en kraftur góðrar hugmyndar. Nýja BMW i rafbílalínan er skínandi dæmi um það hvernig hönnuðir BMW leita sífellt nýrra leiða til að uppfylla nýjar þarfir og væntingar. Við framleiðslu BMW i3 er eingöngu notuð 100% hrein orka. Ný samsetningarverksmiðja BMW í Leipzig notast eingöngu við 100% hreina orku frá vindorkuverum og við koltrefjaframleiðsluna er eingöngu notast við orku frá vatnsorkuverum.
BMW EFFICIENT DYNAMICS.
i3
0 g $CO_2$/km
125 kW (170 hp)
Sheer
Driving Pleasure
BMW i3
VISTVÆN HÖNNUN.
Nýr BMW i3 er enginn venjulegur bíll. BMW i3 setur ný viðmið í hönnun og drægni og er fyrsti fjöldaframleiddi bíllinn í heiminum sem hannaður er með yfirbyggingu úr hástyrktum koltrefjum (carbon fiber). Koltrefjar hafa þann eiginleika að vera 50% léttari en stál og eru auk þess sterkari. Þessi nýja framúrstefnulega tækni við framleiðslu yfirbyggingarinnar veitir því fullkomið öryggi fyrir ökumann og farþega og er að auki ein helsta ástæða þess að eiginþyngd BMW i3 er ekki nema 1.245 kg sem tryggir honum mestu drægnina í sínum stærðarflokki.
300KM* MEÐ 94Ah RAFHLÖÐU
390KM* MEÐ 94Ah RAFHLÖÐU OG HLEÐSLUVÉL (Range Extender)
BMW i3 er fáanlegur í tvenns konar útfærslu; sem 100% rafbíll dregur hann allt að 300 km* á hleðslunni en 390 km* með auka hleðsluvél (2ja strokka, 647cc bensínvél) sem tekur sjálfkrafa við og framleiðir rafmagn þegar rafhlaðan tæmist.
BMW i3 VERÐ FRÁ: 4.590.000 KR.
*Drægni hverrar hleðslu miðast við uppgefnar drægnitölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður. Raundrægni hverrar hleðslu fer eftir aksturslagi, hitastigi úti, leiðarvali og öðrum þáttum.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM80644
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ÞAÐ NÝJASTA OG FULLKOMNASTA Í RAFBÍLATÆKNI.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# TILBOÐ Á VÖLDUM BÍLUM

BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!



www.bilaland.is

Rnr. 152495



SUBARU Outback Premium
Nýskr. 06/15, ekinn 64 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 4.690 þús. kr.
TILBOÐ 3.990 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

Rnr. 320650



NISSAN Note Acenta Plus
Nýskr. 07/15, ekinn 48 þ.km, bensín, beinskiptur.
Verð áður: 2.390 þús. kr.
TILBOÐ 1.990 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

Rnr. 283951



RENAULT Clio Sport Tourer
Nýskr. 11/12, ekinn 93 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð áður: 1.380 þús. kr.
TILBOÐ 990 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

Rnr. 152631



NISSAN Pulsar Tekna
Nýskr. 02/15, ekinn 29 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.690 þús. kr.
TILBOÐ 2.290 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

Rnr. 370252



HYUNDAI IX35 Comfort
Nýskr. 05/14, ekinn 93 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.290 þús. kr.
TILBOÐ 2.890 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

Rnr. 152388



RENAULT Megane Berline
Nýskr. 07/13, ekinn 56 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.090 þús. kr.
TILBOÐ 1.790 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM81095




Þungvopnað lið lögreglu á vettvangi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Vitni lýsa árásinni sem algjörum hryllingi

**Fjórir féllu í árás á og við lóð breska þinghússins í gær. Árásarmaðurinn er talinn hafa verið einn að verki og var hann felldur á vettvangi. Lögregla rannsakar árásina sem hryðjuverk. Alþjóðasamfélagið vottaði Bretum samúð sína.**

**BRETLAND** Þingmenn á breska þinginu voru læstir inni í þingsal, umferð var stöðvuð og ýmsar aðrar varúðarráðstafanir voru gerðar í kjölfar árásar í nágrenni breska þinghússins í gær. Málið er rannsakað sem hryðjuverkaárás og fór rannsókn af stað í gær.

Lögregla telur að einn árásarmaður hafi verið að verki. Samkvæmt yfirlýsingu frá lögreglunni í Lundúnum sögðu vitni árásarmanninn hafa ekið fólk niður og stungið lögreglumann til bana við þinghúsið. Sjálfur var árásarmaðurinn skotinn á vettvangi, lóð breska þingsins, og lést hann af sárum sínum.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun voru alls fjórir látnir. Það er lögreglumaðurinn, árásarmaðurinn og tveir aðrir. Sömuleiðis voru rúmlega tuttugu særðir, þar af þrír lögreglumenn og þrjú frönsk skólabörn á unglingsaldri sem voru í vettvangsferð með samnemendum.

„Fólk flaug um eins og fótboltar þegar hann ók það niður. Þetta er ekki eitthvað sem ég myndi vilja verða vitni að á hverjum degi,“ sagði vitni að nafni Ismail í viðtali við BBC. Hann, sem og fleiri vitni, lýsti árásinni sem algjörum hryllingi. Sagðist Ismail hafa orðið líkamlega illt þegar hann sá árásarmanninn keyra fólk niður.

> Hugur minn er hjá hinum særðu. Við stöndum með Bretum.
>
> Angela Merkel, kanslari Þýskalands



> Lundúnabúar munu aldrei beygja sig fyrir hryðjuverkamönnum.
>
> Sadiq Khan, Borgarstjóri Lundúna



Í samtali við fréttastofu í gær sagði Garðar Agnarsson Hall, matreiðslumeistari hjá lávarðadeild þingsins, að engum væri hleypt út og engum inn. „Þetta er bara algjört „lockdown“ eins og þeir kalla það hérna. Við erum raunverulega varin af hryðjuverkalögreglunni. Það er bara búið að loka húsinu en við vitum ekkert meira,“ sagði Garðar. Hann sagði fólk rólegt þó tilfinningin væri óþægileg.

Alþjóðasamfélagið vottaði Bretum samúð í kjölfar árásarinnar. Þannig sagði Angela Merkel, kanslari Þýskalands, árásina koma sér í opna skjöldu. „Hugur minn er hjá hinum særðu. Við stöndum með Bretum,“ segir í yfirlýsingu Merkel.

FranÇois Hollande, forseti Frakklands, tók í sama streng. „Hryðjuverk hafa áhrif á okkur öll. Frakkar þekkja vel þá þjáningu sem Bretar þurfa að þola í dag,“ segir í yfirlýsingu Hollande.

Sean Spicer, fjölmiðlafulltrúi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, sagði Bandaríkin fordæma árásina.

Borgarstjóri Lundúna, Sadiq Khan, tjáði sig einnig um árásina. Sagði hann að öryggisgæsla í borginni yrði aukin héðan í frá. „Lundúnabúar munu aldrei beygja sig fyrir hryðjuverkamönnum.“

thorgnyr@frettabladid.is

# Hvergerðingar gegn skattaparadísum

**STJÓRNMÁL** Afnám lágmarksútsvars brýtur „gegn anda þess jafnræðis sem við sem þjóð viljum að ríki í okkar samfélagi“, segir bæjarráð Hveragerðis sem leggst eindregið gegn samþykkt frumvarps sem felur í sér afnám lagaákvæðis um lágmarksútvar.

Samkvæmt núgildandi lögum eiga sveitarfélög að innheimta að lágmarki 12,44 prósent af launum íbúa sinna í útsvar. Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokks hafa nú lagt fram að nýju frumvarp um afnám þessara lágmarksprósentu. Þeir segja sveitarfélög þurfa að rækja lögbundið hlutverk sitt en óhóflegt afskipti löggjafans séu óþörf og dragi úr valdi og ábyrgð sveitarstjórnarmanna til að leita hagkvæmustu leiða til þess.

Bæjarráð Hveragerðis minnir á í umsögn sinni um frumvarpið að Samband íslenskra sveitarfélaga og fjöldi sveitarfélaga hafi varað við samhljóða frumvarpi frá 2014.

„Frumvarpið virðist ekki snúast um að efla tekjustofna sveitarfélaga eða innbyrðis skiptingu þeirra heldur snýst það um að ákveðinn hópur launamanna á Íslandi skuli hafa möguleika á að sleppa að miklu eða öllu leyti við að greiða útsvar af launatekjum sínum þegar það tekur ákvörðun um búsetu,“ segir bæjarráð Hveragerðis og vitnar til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2014.

„Þar sem fámenn sveitarfélög hafa miklar tekjur af álagningu fasteignaskatts gætu þær aðstæður skapast að þau gætu lækkað álagningarhlutfall útsvars verulega eða jafnvel niður í 0 prósent ef lágmarksútsvar yrði afnumið með öllu. Það myndi skapa möguleika á innlendum skattaparadísum og tilheyrandi „gervibúsetu“ með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Íbúar þessara sveitarfélaga myndu því sleppa að miklu eða öllu leyti við að greiða útsvar af launatekjum sínum óháð upphæð launa.“

> Það myndi skapa möguleika á innlendum skattaparadísum og tilheyrandi „gervibúsetu“ með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
>
> Bæjarráð Hveragerðis

Flutningsmenn frumvarpsins eru þingmennirnir Vilhjálmur Árnason, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Hildur Sverrisdóttir. – gar




# LANCÔME DAGAR

## HAGKAUP KRINGLU, SMÁRA, SKEIFU, GARÐABÆ, SPÖNG, AKUREYRI OG SELFOSSI 23. – 29. MARS

**20% KYNNINGARAFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM**




### GULLMOLAR FRÁ LANCÔME OG HÚÐIN LJÓMAR

**MAKE-UP IS MY POWER – 3 nýjar vörur:**

**TEINT IDOLE ULTRA CUSHION** er frábær fljótandi farði í púða og boxi sem gefur mjög góða þekju, er fljótlegur, endingargóður og hægt er að fá fyllingar.

**TEINT IDOLE ULTRA WEAR** nýtt nafn, nýtt útlit. Fljótandi farði sem gefur góða þekju og helst vel í allt að 24 klst.

**EFFACERNES** hyljarinn kemur í 5 litum og hentar fullkomlega með nýja Teint Idole förðunum.




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Svona skiptist fylgið milli flokkanna




## Skipting þingsæta




# Gjörbreytt staða frá síðustu kosningum

**Vinstri græn gætu myndað þriggja flokka ríkisstjórn með Pírötum og Samfylkingunni. Ný könnun bendir til að einungis fimm flokkar næðu fulltrúa á þing. Sjálfstæðisflokkurinn ennþá langstærsti flokkurinn en VG saxar á forskotið.**

**STJÓRNMÁL** Hvorki Viðreisn né Björt framtíð fengju kjörinn mann á þing ef kosið væri núna. Þetta sýna niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Einungis fimm flokkar ættu fulltrúa á Alþingi en í dag eru þeir sjö. Vinstri græn, Samfylkingin og Píratar yrðu í stöðu til þess að mynda þriggja flokka ríkisstjórn. Þar yrðu Vinstri græn með 19 þingmenn, Píratar 10 og Samfylkingin með sex, samtals 35 þingmenn af 63.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar yrði Sjálfstæðisflokkurinn enn stærsti flokkurinn á Alþingi með 32,1 prósents fylgi. Vinstri græn yrðu næststærsti flokkurinn með 27,3 prósenta fylgi. Þessir tveir flokkar yrðu langstærstu flokkarnir á Alþingi. Breytingin á fylgi Sjálfstæðisflokksins frá alþingiskosningunum í október er innan vikmarka og fylgið er nánast það sama og mældist í síðustu skoðanakönnun Fréttablaðsins, um miðjan desember. Fylgi Vinstri grænna hefur hins vegar aukist verulega. Það var 15,9 prósent í kosningunum og 17 prósent í síðustu könnun Fréttablaðsins, sem var gerð áður en Sjálfstæðisflokkurinn, Viðreisn og Björt framtíð mynduðu ríkisstjórn.

Píratar eru þriðji stærsti flokkurinn samkvæmt nýju könnuninni. Hann er með rúmlega 14 prósenta fylgi og er það nánast sama fylgi og flokkurinn fékk í alþingiskosningunum.

Samfylkingin er fjórði stærsti stjórnmálaflokkurinn samkvæmt könnuninni, með 8,8 prósenta fylgi. Flokkurinn sækir í sig veðrið frá síðustu kosningum í lok október og frá síðustu könnun Fréttablaðsins sem gerð var í desember. Í desemberkönnuninni var flokkurinn með 5,6 prósenta fylgi en fékk 5,7 prósent upp úr kjörkössunum.

Samkvæmt nýju könnuninni myndi flokkurinn fá sex þingmenn og þingflokkurinn því tvöfaldast.

Framsóknarflokkurinn er með 7 prósenta fylgi í könnuninni og yrði minnsti þingflokkurinn á Alþingi, með fimm þingmenn.

Björt framtíð fengi 3,8 prósent, Viðreisn 3,1 prósent og Flokkur fólksins 2,7 prósent.

jonhakon@frettabladid.is



**Fimm af þessum sex ráðherrum sem þarna sitja myndu þurfa að finna sér ný störf ef niðurstöður kosninga yrðu í takti við nýju könnunina.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Aðferðafræði könnunarinnar

Hringt var í 1.242 manns þar til náðist í 791 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 20. og 21. mars. Svarhlutfallið var 63,7 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tók 58,1 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Hins vegar sögðust 12,6 prósent ekki ætla að kjósa eða skila auðu, 5,4 prósent sögðust óákveðin og 23,9 prósent sögðust ekki ætla að svara.

gæði – þekking – þjónusta
TURBOCHEF SOTA - TURBOCHEF TORNADO 2 - TURBOCHEF HIGHHBATCH 2
TURBOCHEF ENCORE - TURBOCHEF FÆRIBANDAOFNAR
TURBOCHEF FIRE PIZZAOFN - TURBOCHEF i3 & i5 TOUCH
TURBOCHEF OFNAR
Kynntu þér úrval TurboChef ofna hjá okkur
FÁÐU TILBOÐ

pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is



Bros auglýsingavörur með þínu merki
Skoðaðu litríkt úrval á bros.is
Bros auglýsingavörur, Norðlingabraut 14.
BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki


Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar
Umsóknarfrestur til 2. maí
Stjórn Rannsóknarsjóðs Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar auglýsir styrki úr sjóðnum 2017. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðla að útgáfu rita um þau efni.
Stjórn sjóðsins metur umsóknir eftir gæðum rannsóknarverkefna og tengslum þeirra við markmið sjóðsins, færni og reynslu umsækjanda til að stunda rannsóknir og aðstöðu til að sinna verkefninu. Hámarks styrkupphæð fyrir árið 2017 er 2.000.000 krónur.
Umsóknarfrestur er til 2. maí 2017, kl. 16:00.
Umsóknir eru rafrænar og sótt er um í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Ekki er tekið við umsóknum á öðru formi.
Nánari upplýsingar og umsóknagögn má nálgast á www.rannis.is
HNOTSKÓGUR grafísk hönnun
rannís www.rannis.is


CITROËN
NJÓTTU. GÆÐIN HRÍFA.
CITROËN C4 CACTUS
CITROËN C4 CACTUS
SJÁLFSKIPTUR • AFAR RÚMGÓÐUR • STÓRT SKOTT • SPARNEYTINN
HLIÐARVÖRN • HÁ SÆTISSTAÐA • STÓR SNERTISKJÁR • BLUETOOTH
FRÁ 2.390.000 KR.
citroen.is
Nútímaleg og framúrskarandi hönnun einkennir Citroën C4 Cactus. Einstakt notagildi, mikið rými og hagkvæmni í rekstri. Citroën er skrefi á undan fyrir þá sem vilja komast sinna ferða á hagkvæman og þægilegan hátt, innan- sem utanbæjar. Citroën C4 Cactus er nægjanleg stór til að rúma alla sem þú elskar mest, allir sitja hátt í góðum sætum og eru með frábært útsýni. 358 lítra skottið er sérlega rúmgott og hentar vel fyrir útivistina þína. Citroën C4 Cactus er ótrúlega sparneytinn bíll og státar af einstakri hliðar- og stuðaravörn sem verndar hann fyrir minni rispum og skellum. Komdu, prófaðu og njóttu Citroën C4 Cactus og gæðin munu hrífa þig.
NJÓTTU CITROËN Í DAG.
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050
brimborg
Öruggur staður til að vera á

# Súrmjólkurmosi dafnar á Hellisheiði

**Magnea Magnúsdóttir hefur í störfum sínum hjá Orku náttúrunnar á síðustu fimm árum þróað aðferðir til að endurnýta náttúrulegan gróður til að græða sár eftir framkvæmdir á Hellisheiði.**



Magnea Magnúsdóttir ber súrmjólkurblandað mosahakk á stokka og steina til að sveipa þá gróðurhulu. MYND/SÆUNN KOLBRÚN ÞÓRÓLFSDÓTTIR





„Þarna erum við að græða upp raskað svæði við Hellisheiðarvirkjun með svokallaðri fræslægju.“ MYND/MAGNEA MAGNÚSDÓTTIR

**UMHVERFISMÁL** „Það hefur gengið alveg svakalega vel,“ segir Magnea Magnúsdóttir, umhverfis- og landgræðslustjóri hjá Orku náttúrunnar, um aðgerðir fyrirtækisins við að nota staðargróður til uppgræðslu á framkvæmdasvæðum.

Í Fréttablaðinu á þriðjudag var sagt frá því að Vegagerðin hefði í fyrsta sinn sett í útboðsskilmála að nýta ætti gróður af framkvæmdastað til að ganga frá að verki loknu. Það á að gera við mislæg gatnamót Krísuvíkurvegar og Reykjanesbrautar. Er þar stuðst við sömu aðferðir og Magnea Magnúsdóttir hefur beitt hjá Orku náttúrunnar, dótturfyrirtæki Orkuveitunnar.

„Þegar ég var að taka mastersgráðu í landgræðslufræðum í Landbúnaðarháskólanum var ég að gera tilraunir með hvernig væri best að endurheimta mosa. Þar var ég eiginlega veidd í vinnu hjá Orkuveitunni fyrir um fimm árum,“ segir Magnea sem frá þeim tíma hefur þróað aðferðir við að nota staðargróður til að lagfæra röskuð og sködduð svæði.

„Þegar við bjóðum út framkvæmdir skilyrðum við í útboðsgögnum að við tökum upp gróðurinn, hvort sem það er mói, gras eða mosi. Við höldum honum til haga og svo notum við gróðurinn til að græða aftur upp raskaða svæðið,“ útskýrir Magnea.

> Þar var notuð sú aðferð að frysta mosann í gámi því þetta tók alveg tvö ár.
>
> Magnea Magnúsdóttir, umhverfis- og landgræðslustjóri hjá Orku náttúrunnar

Þegar framkvæmdir hafa staðið yfir í lengri tíma hafa Magnea og samstarfsmenn hennar fryst mosa í frystigámi til að hann haldist lifandi og í lagi. Þetta var gert í stærsta verkefninu af þessu tagi hingað til þegar gufulögn var lögð frá Hverahlíð að Hellisheiðarvirkjun.

„Þar var notuð sú aðferð að frysta mosann í gámi því þetta tók alveg tvö ár. Það heppnaðist mjög vel. Mosinn kom mjög flottur út, grænn og finn,“ segir hún.

Mosi myndar gró einu sinni á ári en Magnea segir ekki endilega verið að leita eftir þeim þar sem mosinn vaxi klónvexti. „Þess vegna er þetta svo mögnuð planta,“ segir hún. Mosaþemba samanstandi af greinum sem standi þétt saman en losni mjög auðveldlega í sundur.

„Ég hef til dæmis sett mosann í heimilisblandara og tætt hann alveg niður í pínulítil brot sem uxu svo upp. Ef maður kemur þessu af stað með því að dreifa mosanum þá er þetta fljótt að ná sér á strik og byrja að gróa,“ segir Magnea. Ef lítið væri af mosa í umhverfinu og mannshöndin kæmi ekki að þá tæki þetta lengri tíma. „Maður er eiginlega að reyna að flýta framvindunni.“

Aðferðin er ekki eingöngu notuð þar sem eru nýframkvæmdir heldur einnig til að græða eldri sár. Falli til mosi undan stæðum nýrra mannvirkja er hann notaður á gömlum röskuðum svæðum til að græða þar upp.

Meðal ráða sem Magnea hefur gripið til er að gera eins konar mosagraut með súrmjólk. „Súrmjólkin er dálítið eins og lím og klessir mosann við og gerir yfirborðið stöðugra. Svo er líka næring í henni,“ segir hún. Þess aðferð sé ekki mikið notuð við framkvæmdir heldur til dæmis þar sem myndast hafa rofblettir í mosaþembu vegna ryks, gufu eða annars.

„Þannig að við erum í raun að setja plástur á sárin,“ segir Magnea.

Hún hlær aðspurð um magnið af súrmjólk sem blandað hefur verið í mosa hjá Orku náttúrunnar. „Við höfum ekki talið það saman en við höfum verið spurð hvort við værum að reka sumarbúðir þegar við vorum að kaupa súrmjólk í dunkum.“

Verktakar hafa að því er Magnea segir flestir verið jákvæðir gagnvart nýju vinnubrögðunum. „Ég kenni þeim aðferðirnar og sýni þeim myndir fyrir og eftir og þeir verða flestir spenntir. Þeim finnst gaman að gera þetta og vilja vanda sig þegar þeir sjá hvað það er góður árangur af þessu,“ segir hún.

Framundan segir Magnea vera að þróa aðferðirnar áfram og kenna verktökum þannig að vinnubrögðin verði helst að venju. „Verktakarnir okkar fara kannski að vinna hjá einhverjum öðrum og kunna þá aðferðirnar. Við erum að fara að bora fleiri vinnsluholur uppi á heiði og notum þetta áfram í öllum verkum, fínpússum aðferðirnar sem eru að virka mjög vel.“

Landsvirkjun hefur tekið upp sömu vinnubrögð. „Þegar þau voru að byrja á Þeistareykjum komu þau til okkar upp á heiði að skoða,“ segir Magnea og játar að aðferðir Orku náttúrunnar séu þannig að þær smiti út frá sér. „Og það er mjög gaman að því að breiða út góðan boðskap.“

Mikil ánægja er hjá Orku náttúrunnar með góðan árangur með mosann. „Mér finnst mosi æðislegur og finnst að menn eigi að leyfa honum að vaxa í garðinum hjá sér og ekki alltaf vera með gras. Hann er svo grænn og fallegur allt árið,“ segir landgræðslustjórinn.

gar@frettabladid.is







– **Visit our stores:** Skólavörðustígur & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. geysir.com –

# MARKAÐURINN

## Neysla eftir helstu vöruflokkum 2016 miðað við 2007

| Vöruflokkur | Breyting |
|---|---|
| Símtæki | 87% |
| Lyf og lækningavörur | 48% |
| Drykkjarvörur | 38% |
| Raftæki | 26% |
| Matur | 23% |
| Vefnaðarvörur til heimilis | 15% |
| Hreinlætis- og snyrtivörur | 10% |
| Áfengi | 9% |
| Skór | 6% |
| Blöð, bækur og ritföng | -3% |
| Föt | -4% |
| Borðbúnaður og heimilisáhöld | -8% |
| Verkfæri o.fl. fyrir hús og garð | -11% |
| Sjónvörp, myndbönd, tölvur o.fl. | -13% |
| Húsgögn og heimilisbúnaður | -22% |
| Tómstundavörur, leikföng o.fl. | -38% |
| Kaup ökutækja | -38% |
| Tómstundir, stærri tæki o.fl. | -55% |

**Heimild:** Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

# Fataverslun enn ekki náð fyrri hæðum

**Verslun með um helming vöruflokka er meiri nú en góðærisárið 2007. Mest hefur aukningin verið í sölu símtækja. Íslensk fataverslun hefur meðal annars vaxið vegna útivistarfatnaðarkaupa ferðamanna. Kaupmenn þurfa að bregðast við netverslun og verslunarferðum.**

**VIÐSKIPTI** Þegar litið er á heildarmyndina er ljóst að fataverslun á Íslandi hefur aukist talsvert síðustu ár og eru fréttir af dauða fataverslunar á Íslandi ótímabærar.

Hins vegar þurfa verslunarmenn að huga að því hvort þeirra verslun er samkeppnisfær við erlendar verslanir, hvort sem er við netverslanir, erlenda smásölurisa með verslanir hér á landi eða verslunarferðir Íslendinga til útlanda. Þetta kemur fram í nýrri greiningu hagfræðideildar Landsbankans á stöðu, þróun og horfum í íslenskri verslun.

Greiningin verður kynnt á opinni ráðstefnu á Nordica í dag. Á fundinum mun Anna Fellander, ráðgjafi og hagfræðingur, fjalla um áhrif stafrænu byltingarinnar á verslun og þjónustu. Jafnframt munu formaður Samtaka verslunar og þjónustu, Margrét Sanders, og ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, halda tölu.

> **Það sem við erum að standa fyrir er að íslensk verslun aðlagi sig á þessum nýja tíma fyrr en seinna.**
>
> Margrét Sanders, formaður SVÞ



Fram kemur í greiningunni að þróun í verslun hér á landi er misjöfn eftir vöruflokkum. Verslun með um helming vöruflokka er meiri nú en góðærisárið 2007. Mest hefur aukningin verið í sölu á símtækjum, eða um 87 prósent, en mestur samdráttur er í sölu stærri tómstundatækja (t.d. hjól- og fellihýsa og sportbáta), sem hefur minnkað um 55 prósent frá árinu 2007.

Raunaukning fataverslunar var 14 prósent milli ára í fyrra. Hún var þó enn 11 prósent minni en þegar mest var árið 2008. Líklegt er að aukin kaup erlendra ferðamanna á útivistarfatnaði eigi talsverðan þátt í vaxandi fataverslun hér á landi síðustu ár á sama tíma og Íslendingar virðast kaupa meira af fatnaði í gegnum bæði erlendar netverslanir og á ferðalögum erlendis. Skósala hefur aukist á landinu og sló hún met árið 2016.

Margrét Sanders, formaður SVÞ, segir að áhugavert sé að niðurfelling á tollum á fötum og skóm virðist hafa leitt til aukningar í fata- og skóverslun.

„Það er gríðarlega gott fyrir samfélagið Ísland. Í stað þess að fólk sé að versla erlendis er það að versla á Íslandi og það skilar sköttum og gjöldum hingað og eykur atvinnu.“

Hún segir þó að miklar áskoranir séu í verslun hérlendis. „Verslunin er að breytast gríðarlega mikið og kauphegðun er að breytast. Það sem við erum að standa fyrir er að íslensk verslun aðlagi sig þessum nýja tíma fyrr en seinna. Við höfum verið sein að taka við okkur varðandi netverslunina og við megum ekki vera sein í áframhaldandi þróun.“



Verð á karlafatnaði hefur hækkað meira en á kvenfatnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Vöxturinn í þeim vöruflokkum sem auðvelt er að koma ofan í ferðatösku eða ofan í fríhafnarpoka virðist hafa verið hægari.**
>
> Daníel Svavarsson, forstöðmaður Hagfræðideildar Landsbankans



Í greiningunni kemur einnig fram að verð á karlmannsfötum hefur hækkað meira en verð á kven- og barnafatnaði. Þar má sérstaklega sjá áhrif þess að í kjölfar komu Lindex (sem selur ekki karlmannsföt) til landsins hefur dregið úr verðhækkunum á barna- og kvenfatnaði. „Þetta er framboð og eftirspurn með karlaföt. Kannski eru kven- og barnaföt viðkvæmari fyrir erlendri verslun,“ segir Margrét.

Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans, segir athyglisverðast varðandi þróun í verslun á Íslandi að kaupmáttur hafi aukist hraðar en einkaneysla.

„Þannig að heimilin hafa verið skynsamari í sínum útgjöldum. Þau eru að auka neysluna en líka sparnaðinn.“ Hann tekur undir með Margréti að kaupmenn þurfi að bregðast við aukinni verslun Íslendinga við erlendar búðir.

„Þeir þurfa að huga að sínum innkaupum og ná hagstæðari samningum við sína birgja til að geta verið samkeppnishæfir í verði. Fá aukna framleiðni bæði út úr starfsfólki sínu og nýtingu fjármagns og á húsnæði.“

Hann segir að greina megi skýr ferðatöskuáhrif og áhrif af netverslun. „Vöxturinn í þeim vöruflokkum sem auðvelt er að koma ofan í ferðatösku eða ofan í fríhafnarpoka virðist hafa verið hægari heldur en kannski í stærri vöruflokkum eins og húsgögnum sem erfitt er að taka með sér úr utanlandsferðum.“

Greiningin bendir til þess að verslun Íslendinga erlendis gæti komið til með að aukast en 82 prósent landsmanna hyggja á utanlandsferðir á næstunni, samanborið við um 79 prósent í fyrra.

Daníel bendir á að þó að fataverslun sé ekki búin að ná sér að fullu á strik frá metinu árið 2008 hafi hún farið stöðugt vaxandi. „Þar er væntanlega að spila inn í þessi útivistarklæðnaður, ferðamenn hafa verið duglegir að fata sig upp,“ segir Daníel. Hann telur að talsvert minni aukning hafi orðið í fataverslun séu kaup ferðamanna tekin út fyrir sviga. **saeunn@frettabladid.is**


Tree Of Life



Otikon™

Eyrnadropar við verk og bólgu

Við eyrnaverk og bólgu í tengslum við miðeyrnabólgu

- Hjálpar einnig við að fjarlægja eyrnamerg úr hlustinni
- Hentar börnum
- Gefið sem úði, auðvelt í notkun
- 100% náttúruleg innihaldsefni
- 15 ml glas




www.apotekarinn.is

Apótekarinn+ - lægra verð

# Hvert stefnir íslensk verslun og þjónusta?

**Landsbankinn hefur gefið** út tímarit á netinu um verslun og þjónustu. Í því birtist fjöldi viðtala og ítarleg greining Hagfræðideildar á stöðu verslunar á Íslandi. Tímaritið kemur út í tilefni ráðstefnu Samtaka verslunar og þjónustu sem haldin er í dag. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á svth.is.

Lestu tímaritið á landsbankinn.is/verslunogthjonusta.






JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Auðlindaskattar



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Ef Alþingi tæki þá ákvörðun með settum lögum að fella niður veiðigjald í sjávarútvegi og láta tekjuskatt útgerðarfyrirtækja duga, er ekki frekar líklegt að slík löggjöf myndi falla í fremur grýttan jarðveg hjá almenningi?

Slíkt væri í reynd óhugsandi og menn hafa mætt niður á Austurvöll með potta og pönnur af minna tilefni. Enda er almenn samstaða um það í þjóðfélaginu að fyrirtæki sem nota auðlindir í eigu ríkisins greiði sérstaklega fyrir þau afnot. Samt hefur það verið látið átölulaust í mörg ár að aðrar atvinnugreinar sem skapa verðmæti með nýtingu náttúruauðlinda greiði ekki sérstakt gjald fyrir afnot af þessum auðlindum. Til dæmis ferðaþjónustan.

Ferðaþjónustan er í dag sú atvinnugrein sem skapar mestar gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið. Ferðaþjónustan á líka stærsta hlutdeild í vergri landsframleiðslu Íslands og er löngu komin fram úr sjávarútvegi ef eingöngu er horft til veiða og vinnslu. Ferðaþjónustan skapar verðmæti með nýtingu náttúruauðlinda og um hana eiga að gilda sömu lögmál og um aðrar atvinnugreinar sem byggja á auðlindanýtingu.

Stjórnvöld hafa haldið illa á málefnum ferðaþjónustunnar í mörg ár. Á síðasta kjörtímabili mistókst að ná sátt um gjaldtöku í ferðaþjónustu með svokölluðum náttúrupassa. Það væri bæði ósanngjarnt og ómálefnalegt að klína þeim mistökum eingöngu á þann ráðherra sem fór með málaflokkinn á síðasta kjörtímabili. Það er hins vegar þyngra en tárum taki að ríkissjóður hafi farið á mis við háar fjárhæðir sem hefðu nýst við innviðauppbyggingu í ferðaþjónustu af því að skattlagningu í ferðaþjónustu dagaði uppi í skugga pólitískra átaka. Þá voru kjörnir fulltrúar beygðir í duftið af hagsmunaöflum í opinberri umræðu um málið. Úrræða- og aðgerðaleysið skrifast líka að einhverju leyti á áhugaleysi þingmanna.

Greint hefur verið því að ríkisstjórnin sé núna að skoða leiðir til að skattleggja ferðaþjónustuna. Á meðal þess sem er til skoðunar er leyfisgjald sem rútufyrirtæki og ferðaþjónustufyrirtæki, sem selja skipulagðar ferðir, munu þurfa að greiða. Hópur á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins vinnur að nánari útfærslu á þessu samkvæmt frétt sem birtist á Vísi í gær. Í fjárlögum þessa árs er síðan gert ráð fyrir að gistináttagjald þrefaldist, hækki úr 100 krónum í 300 krónur, frá og með 1. september næstkomandi. Reiknað er með að breytingin skili 300 milljónum króna í ríkissjóð á þessu ári og 1,2 milljörðum króna á árinu 2018.

Gistináttagjald er mun sanngjarnari leið til skattlagningar í ferðaþjónustu en til dæmis komugjöld á farseðla í ljósi þess að margir sem hingað koma eru hér í stuttu stoppi eða nota Keflavík til millilendingar á leiðinni annað. Í raun eru 300 krónur í gistináttagjald mjög hófleg skattlagning og ríkisvaldið hefði átt að hækka þetta gjald mun meira og fyrr.

Hækkun gistináttagjalds og boðuð skattlagning í ferðaþjónustu eru löngu tímabærar aðgerðir. Þá er mikilvægt að kjörnir fulltrúar standi í lappirnar þegar skattlagning á ferðaþjónustufyrirtæki kemur til kasta löggjafans.

**Stjórnvöld hafa haldið illa á málefnum ferðaþjónustunnar í mörg ár.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Engir hveitibrauðsdagar**

**Þótt kjörtímabilið sé nýhafið og tæp fjögur ár eftir af kjörtímabilinu er forvitnilegt að rýna í niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Sjálfstæðisflokkurinn heldur sínu en fylgið hrynur af Bjartri framtíð og Viðreisn. Vinstri græn taka svo hins vegar stökk upp á við og Samfylkingin bætir stöðu sína. Þingmenn stjórnarliðsins hljóta að velta fyrir sér hvers vegna ríkisstjórnin fær enga hveitibrauðsdaga heldur kolfellur í könnun einungis tveimur mánuðum eftir stjórnarmyndun.**

**Varnarleikurinn**

**Ætli aðstandendur Bjartrar framtíðar og Viðreisnar að tryggja tilvist sína lengur en fjögur ár á þingi verða þeir að leita leiða til að grípa til varna og þar með auka fylgi sitt. Hugsanlega geta þeir sótt fylgi til hægri og reynt að klípa af fylgi Sjálfstæðisflokksins. Hinn möguleikinn er að reyna að greina sig frá Sjálfstæðisflokknum, reyna að verjast fylgisflóttanum til vinstri og ná aftur því fylgi sem Samfylkingin og VG virðast þessa stundina vera að hrifsa af þeim. Á þessari stundu eru engar vísbendingar um það hvor leiðin verður farin. En líklegra er að hrikta muni meira í stoðum ríkisstjórnarinnar þegar líður á kjörtímabilið.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Húsnæði Landspítala – þjóðarskömm



**Reynir Arngrímsson**
formaður læknaráðs Landspítala

Húsnæðisvandi og vanræksla í viðhaldi bygginga Landspítalans er þjóðarskömm. Velgengni í efnahagsmálum þjóðarinnar er hins vegar mikið ánægjuefni. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir í Fréttablaðinu 15. mars sl.: „Efnahagslífið hefur notið mikillar velgengni á undanförnum árum. Verðmætasköpun atvinnulífsins og lífskjör landsmanna eru betri en nokkru sinni. Mikill vöxtur útflutningstekna þjóðarbúsins og afgangur í viðskiptum við útlönd eru rót velgengninnar. Afgangurinn hefur nýst til grynnkunar erlendra skulda. Hagvöxtur er heilbrigður því hann stafar af auknum útflutningi og vaxandi einkaneyslu sem byggir á kaupmætti heimilanna, en ekki söfnun skulda eins og oftast áður.“ Undir þetta má taka og jafnframt benda á að nú er lag til snúa við áratuga neikvæðri þróun í húsnæðismálum Landspítalans. Hringbrautarverkefnið, áætlanir um nýjan meðferðarkjarna og rannsóknarhús árið 2023 marka tímamót í heilbrigðisþjónustu landsins. Verkefnið er í höndum opinbers félags, sem sérstaklega er til þess stofnað að reisa umræddar byggingar. Allt annað viðhald og endurnýjun núverandi húsnæðis kemur af rekstrarfé Landspítalans sjálfs og verður svo áfram.

Nú er áætlað að starfsemi verði jafnframt í miklum hluta núverandi bygginga við Hringbraut eftir árið 2023, s.s. fæðingar- og geðdeild og öll göngu- og dagdeildarstarfsemi. Útlit er fyrir að ekki verði heldur komist hjá því að halda einnig áfram starfsemi í Fossvogi þó í breyttri mynd sé. Þetta kallar á ábyrgð stjórnvalda og stuðning aðila vinnumarkaðarins og alls almennings til að tryggja nægjanlegt fjármagn til viðhalds núverandi húsnæði.

Nýjustu fregnir af því að 40 ára gömul rannsóknarhús sem reist voru til bráðabirgða séu ónýt og starfsumhverfi þeirra sem þar starfa heilsuspillandi sýna vandann í hnotskurn, en komu ekki á óvart. Nú þarf að bregðast við og taka má undir með framkvæmdastjóra SA – sjaldan hefur árað betur. Við sem störfum á Landspítala væntum þess að góðærið verði notað til átaks í viðhaldsframkvæmdum og að þjóðin í samtakamætti afmái þennan smánarblett sem ástand bygginga Landspítalans er.

**Við sem störfum á Landspítala væntum þess að góðærið verði notað til átaks í viðhaldsframkvæmdum.**




FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ósaga Íslands 1909-2009

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Sumar ritsmíðar birtast undir svo fráleitum fyrirsögnum að yfirskriftin dæmir textann beinlínis úr leik.

Litlu munar að þessi lýsing eigi við veigamestu ritgerðina í 11. bindi Sögu Íslands sem kom út fyrir skömmu á vegum Hins íslenzka bókmenntafélags undir ritstjórn Péturs Hrafns Árnasonar sagnfræðings og Sigurðar Líndal prófessors sem lét af starfi forseta félagsins 2016. Fyrsta og lengsta ritgerðin í bókinni, skráð af Pétri Hrafni, er tæpar 260 síður og ber heitið „Frá herra Cable til doktor Franeks: Saga Íslands 1909-2009“. Fráleitni fyrirsagnarinnar felst í að hvorki Eric Grant Cable, ræðismaður Breta á Íslandi 1914-1919, né Franek Rozwadowski, fulltrúi AGS á Íslandi í fáein ár eftir hrun, skipta sjálfir nokkru máli fyrir framvindu sögunnar með fullri virðingu fyrir störfum beggja. Flestir núlifandi lesendur hafa að vonum aldrei áður heyrt á fyrri manninn minnzt.

Síðari maðurinn, Franek Rozwadowski, er prýðilegur hagfræðingur, þaulreyndur starfsmaður AGS, og var fulltrúi sjóðsins á Íslandi árin eftir hrun. Slíkir fulltrúar AGS eru starfsmenn á plani og hafa engin völd. Hlutverk þeirra er að framfylgja markaðri stefnu AGS í samráði við innlend stjórnvöld eftir settum reglum. Sjóðurinn var á Íslandi í boði stjórnvalda, kvaddur hingað heim til að veita neyðarhjálp. Ríkisstjórnin og Alþingi tóku allar ákvarðanir en nutu ráða og fjárhagsaðstoðar sjóðsins og Norðurlanda. Fyrirsögnin „Frá herra Cable til doktor Franeks“ veitir lesandanum hugboð um óeðlileg afskipti útlendinga af íslenzkum málum. Þannig tala þjóðernisöfgamenn og hafa ætíð gert til að kynda undir tortryggni í garð útlendinga. Íslendingar hafa þó sjaldan þurft að kvarta undan erlendum afskiptum frá heimastjórn 1904 fram á okkar daga, jafnvel ekki þegar Bretar hertóku Ísland 1940. Flestir landsmenn fögnuðu því að Bretar urðu fyrri til en Þjóðverjar. Hervernd Bandaríkjanna og síðan Nató eftir stríð var að vísu umdeild, en herinn var hér í boði stjórnvalda.

**Samhengisleysi**

Ritgerð Péturs Hrafns Árnasonar er mun lakari en annað útgefið efni um Íslandssögu 20. aldar þar sem hæst ber Ísland á 20. öld eftir Helga Skúla Kjartansson prófessor. Ritgerðin líður fyrir samhengisleysi og æpandi þagnir, flestar í þágu ráðandi hagsmuna á stjórnmálavettvangi. Skoðum samhengisleysið fyrst. Þarna stendur „Togaraútgerðin var rekin með tapi öll árin 1931-39“ (bls. 65) og „Tímabilið 1950-70 einkenndist meira og minna af taprekstri í togaraútgerð“ (bls. 97) eins og ekkert hafi verið sjálfsagðara. Hátt gengi krónunnar er að vísu nefnt til sögunnar, en samhengið vantar að öðru leyti. Lesandinn er ekki fræddur um hvers vegna mikilvægasti atvinnuvegur landsmanna var rekinn með tapi áratugum saman. Textinn er öðrum þræði eins og símtal þar sem prósentur eru þuldar samhengislaust í belg og biðu.

Og svo eru þarna á einum stað tvö ávörp forsætisráðherra sett í óviðeigandi samhengi. Um útvarpsávarp Hermanns Jónassonar forsætisráðherra eftir landgöngu brezkra hermanna vorið 1940 þar sem Hermann hvatti þjóðina til að „taka þessu með jafnvægi og ró“ segir Pétur Hrafn: „Þessi hvatningarorð ... áttu eftir að finna samhljóm í ávarpi annars forsætisráðherra á öðrum þrengingatímum, hinn 6. október 2008“ (bls. 70) og á þá við ræðu Geirs Haarde sem lauk með orðunum „Guð blessi Ísland“. Höfundurinn líkir hruninu þannig óbeint við hernámið eins og til að draga athygli lesandans frá því að hrunið var, ólíkt hernáminu, af völdum innlendra manna fyrst og fremst.

> **Fjallað er um stjórn sjávarútvegsmála án þess að nefna að Hæstiréttur dæmdi kvótakerfið brotlegt gegn stjórnarskránni 1998 og sneri síðan við blaðinu undir þrýstingi frá ráðherrum 2000. Mannréttindanefnd SÞ staðfesti 2007 fyrri dóm Hæstaréttar með bindandi áliti þess efnis að fiskveiðistjórnin bryti gegn stjórnarskránni og ríkisstjórninni bæri að greiða skaðabætur þeim sem mismununin í úthlutun aflaheimilda hefði brotið gegn. Um allt þetta o.fl. er þagað.**

**Þagnir**

Enn vandræðalegri eru þagnirnar. Þarna er t.d. fjallað um veru Bandaríkjahers á Íslandi 1941-2006 án þess að nefna hermangið einu orði eða þá staðreynd að vera hersins hér skilaði þjóðarbúinu andvirði um 2% af landsframleiðslu á hverju ári að jafnaði. Fjallað er um stjórn sjávarútvegsmála án þess að nefna að Hæstiréttur dæmdi kvótakerfið brotlegt gegn stjórnarskránni 1998 og sneri síðan við blaðinu undir þrýstingi frá ráðherrum 2000. Mannréttindanefnd SÞ staðfesti 2007 fyrri dóm Hæstaréttar með bindandi áliti þess efnis að fiskveiðistjórnin bryti gegn stjórnarskránni og ríkisstjórninni bæri að greiða skaðabætur þeim sem mismununin í úthlutun aflaheimilda hefði brotið gegn. Um allt þetta o.fl. er þagað.

Um aðdraganda hrunsins segir: „Vissulega heyrðust varnaðarorð, einkum erlendis frá ...“ (bls. 241). Um útifundina eftir hrun segir svo: „Laugardagsfundunum á Austurvelli lauk ætíð með sameiginlegu ákalli þar sem krafist var brottvikningar stjórna Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, að ríkisstjórnin færi frá og boðað yrði til kosninga.“ (bls. 247). Krafan um nýja stjórnarskrá sem kom ítrekað fram á fundunum er ekki nefnd og náði hún þó fram að ganga strax 2009 þar til Alþingi sveikst undan merkjum vorið 2013.

Spaugilegust er e.t.v. þögnin um Eimreiðarhópinn sem er ákallaður tvisvar í textanum af óljósu tilefni án þess að sagt sé frá því að margir í hópnum – sjö af tólf! – hafa fengið dóma fyrir lögbrot og sektir og einn bíður nú nýs dóms að auki.

# Metnaður í mikilvægum greinum



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
sviðsstjóri fagsviðs mennta- og mannauðsmála Samtaka iðnaðarins

Það var aðdáunarvert að fylgjast með ungum metnaðarfullum nemendum keppa nýverið á Íslandsmótinu í iðn- og verkgreinum. Metnaðurinn leyndi sér ekki og ljóst að framtíðin er björt fyrir íslenskan iðnað hvað varðar hæfileika nemenda í iðn-, tækni- og verkgreinum í dag. Eða hvað? Veruleikinn í íslensku atvinnulífi er því miður sá að mörg fyrirtæki og margar greinar skortir fagmenntað fólk og sú staðreynd kemur niður á afkastagetu þeirra.

Það er ekki lengur framtíðarógn heldur staðreynd að nýliðun er ábótavant og fagmenn standa frammi fyrir miklum vanda. Íslenskt atvinnulíf hefur vissulega aðgang að öflugum nemendum sem ljúka metnaðarfullu námi, en betur má ef duga skal. Hlutfall þeirra sem velja iðn-, tækni- og verknám að loknu grunnskólanámi verður að hækka og megináherslа okkar sem vinnum að menntamálum verður á næstu misserum að stuðla að því að svo verði.

**Hindranir**

Í þessari vinnu eru þó nokkrar hindranir sem mikilvægt er að menntakerfið í samstarfi við atvinnulífið skoði saman og þrói með þeim hætti að námið sé aðgengilegt þeim sem hafa áhuga á að mennta sig í þessum greinum. Í því sambandi þarf að horfa jafnt til ímyndarmála og kerfisins sem menntuninni eru búnar. Hvað ímynd varðar þá virðist sú mynd sem margir hafa af tilteknum iðngreinum lítið eiga skylt við raunveruleikann t.d. hvað varðar snyrtimennsku, vinnuaðstöðu, virðingu og tekjur. Eins hafa fyrirframgefnar hugmyndir varðandi hlutverk kynjanna verið áberandi og hlutur kvenna í iðn-, tækni- og verknámi hefur ekki verið jafn hár og eðlilegt mætti teljast í samfélagi sem komið er jafn langt í jafnréttisumræðunni og raun ber vitni.

Hvað varðar kerfislægan vanda má m.a. benda á það óöryggi og flækjustig sem fylgt getur því að nemendur útvegi sér samning í þeirri grein sem sótt er um nám í, ferlið verður flóknara og þegar við bætist námstími sem er, eftir nýjustu breytingar, orðinn lengri en hefðbundið bóknám til stúdentsprófs vinnur það ekki með greinunum. Við þetta bætist svo að enn eru leiðir til framhaldsnáms óskýrar, margar iðngreinar eru skilgreindar sem fámennar iðngreinar sem veldur því að erfitt er að halda uppi hefðbundnu námi og mikilvægt er að þróa leið sem gerir nemendum á landsbyggðinni kleift að ljúka námi í iðngreinum í sinni heimabyggð, enda eru menntamál líka byggðamál.

Framtíðin er björt, við eigum einstaklega hæfileikaríkt ungt fólk sem hefur ákveðið að leggja fyrir sig nám í iðn-, verk- og tæknigreinum en við þurfum að auka veg þessara greina hvað fjölda nemenda varðar og þá sér í lagi að horfa til þess að auka hlut ungra kvenna.

TAX FREE DAGAR 23. - 27. MARS
*TAX FREE er 19,36% raunafsláttur sem reiknast á kassa og auðvitað fær ríkissjóður sinn skerf.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.
A4
www.a4.is / A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi

# Norðurlöndin – örugg höfn í ólgusjó

**Phia Andersson,**
formaður, Svíþjóð
**Henrik Dam Kristensen,**
Danmörku
**Maarit Feldt-Ranta,**
Finlandi
**Oddný G. Harðardóttir,**
Íslandi
**Sonja Mandt,**
Noregi
í stjórn Jafnaðarmanna í Norðurlandaráði

Við lifum nú mikla breytingatíma. Félagslega, efnahagslega og pólitískt upplifir heimsbyggðin mikil umbrot, átök og öfgar. Óöryggi og hræðsla við framtíðina gerir víða vart við sig. Öfgar og lýðskrum hafa víða fengið byr undir báða vængi og þeirri heimsskipan og framþróun sem við höfum búið við undanfarna áratugi er að mörgu leyti ógnað. Þetta á við um alþjóðlegt samstarf, alþjóðaviðskipti, forsendur lýðræðis, stöðu mannréttinda, varnarsamstarf o.fl. Bandaríki Trumps, Brexit, uppgangur fasismans í Evrópu og þróun mála í Rússlandi, Tyrklandi og víðar, sýnir glögglega að heimsmyndin getur auðveldlega breyst stórkostlega til hins verra á komandi árum.

Norðurlöndin geta ekki tekið þá áhættu að sitja aðgerðalítil hjá og sætt sig við stöðu áhorfandans á þessum miklu umbrotatímum. Þvert á móti er afar mikilvægt að Norðurlöndin stórauki nú samstarf sitt og taki forystu í baráttu fyrir nýrri heimsskipan, þar sem félagslegt öryggi, jöfnuður, réttlæti og lýðréttindi eru í hávegum

**Norðurlöndin geta ekki tekið þá áhættu að sitja aðgerðalítil hjá og sætt sig við stöðu áhorfandans á þessum miklu umbrotatímum.**

höfð. Norðurlöndin verða að standa þétt saman um þessi mikilvægu gildi, beita sér sameiginlega af alefli og leita bandamanna um heim allan sem vilja sjá sambærilega þróun á komandi tíð.

Norðurlöndin eru þekkt víða um heim fyrir mikla velmegun, frjálslyndi, jafnrétti, lýðræðislega þátttöku, samstarf, öryggi og jöfnuð. Þessi mikilvægu gildi verðum við að verja af öllu afli, enda er víða að þeim sótt. Allt of víða er þróunin því miður í öfuga átt og við það verður ekki unað. Okkar norrænu velferðarsamfélög hafa sýnt og sannað hvers þau eru megnug og það er okkar hlutverk að verja þau og þróa áfram, en ekki láta brjóta þau niður.

Sameinuð eru Norðurlöndin meðal tíu stærstu efnahagsstórvelda heimsins og þeirra fimm stærstu í Evrópu. Einnig í því ljósi geta Norðurlöndin kinnroðalaust krafist sætis við borðið þar sem framtíð Evrópu og heimsins er rædd og ákvarðanir teknar. Í okkar huga er það því forgangsmál að tryggja að Norðurlöndin vinni mun betur saman á alþjóðavettvangi, en hingað til. Að því munu jafnaðarmenn í Norðurlandaráði vinna á komandi mánuðum og árum.

# Ríkinu stefnt vegna skerðinga á lífeyri aldraðra



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

**Stjórnvöld hver, sem þau eru, fást ekki til þess að afnema skerðingar án málsóknar. Það er mitt mat.**

Málaferli gegn ríkinu eru í uppsiglingu vegna ólögmætrar skerðingar Tryggingastofnunar (ríkisins) á lífeyri aldraðra hjá TR vegna greiðslna úr lífeyrissjóði í janúar og febrúar á þessu ári. Þegar ný lög um almannatryggingar voru samþykkt á Alþingi haustið 2016 féll niður heimild til skerðingar á lífeyri þeirra aldraðra sem fengu greiðslur úr lífeyrissjóði. Í stað þess að láta Alþingi setja inn nýja heimild í lögin fyrir áramótin síðustu var farin sú leið að skerða lífeyri aldraðra án lagaheimildar. Það gerðist í tæpa tvo mánuði.

Í lok febrúar var heimild til skerðingar sett inn í lög um almannatryggingar á ný. Þá nam ólögmæta skerðingin orðið 5 milljörðum króna. Einhverjir stjórnarþingmenn sögðu á Alþingi, að menn hefðu vitað, að umrædd skerðing ætti að vera í gildi. Þetta eru furðuleg ummæli.

Í fyrsta lagi lýsa þau algerri óvirðingu við lagasetningu Alþingis; nánast er sagt, að ekki skipti máli hvort lagatextinn sé réttur eða ekki. Í öðru lagi horfir umræddur þingmaður (þingmenn) framhjá því, að eldri borgarar eru flestir andvígir umræddri skerðingu lífeyris og telja það himnasendingu, að heimild Alþingis til slíkrar skerðingar falli niður. Stór hluti eldri borgara vill að skerðing tryggingalífeyris vegna lífeyrissjóða verði afnumin með öllu og bætur greiddar fyrir skerðingu fyrri ára.

**Skorað á LEB að fara í mál við ríkið**

Flokkur fólksins sendi Landssambandi eldri borgara bréf, áskorun um að sambandið færi í mál við ríkið vegna ólögmætu skerðinganna í janúar og febrúar á þessi ári. Tilkynnti flokkurinn, að ef þetta yrði ekki gert innan 10 daga mundi flokkurinn sjálfur fara í mál við ríkið vegna ólögmætu skerðinganna. Málið stendur þá þannig, að annaðhvort fer Landssamband eldri borgara í mál við ríkið eða Flokkur fólksins gerir það vegna þess máls, sem hér hefur verið gert að umtalsefni.

Ég tel þetta gott framtak hjá Flokki fólksins. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að stefna eigi ríkinu vegna ólögmætu skerðinganna á lífeyri aldraðra í janúar og febrúar á þessu ári. En ekki á að láta þar við sitja. Einnig á að undirbúa mál á hendur ríkinu vegna stöðugra fyrri skerðinga á lífeyri aldraðra hjá TR vegna lífeyrissjóða. En það var lagt til í stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík.

Safna þarf gögnum til staðfestingar því, að það hafi verið skilningur þeirra, sem stóðu að stofnun lífeyrissjóðanna og þeirra sem fylgdust með því, að lífeyrissjóðirnir hafi átt að vera viðbót við almannatryggingar. Lítið er til af skriflegum staðfestingum á því, að svo hafi átt að vera og því þarf að rita niður slíkar staðfestingar og það tekur nokkurn tíma. Nauðsynlegt er að fara í mál við ríkið vegna fyrri skerðinga til þess að fá þeim hnekkt og tryggja fullan rétt aldraðra. Stjórnvöld, hver sem þau eru, fást ekki til þess að afnema skerðingar án málsóknar. Það er mitt mat.

# Afnám ÁTVR: Ekki bara af því bara!



**Ögmundur Jónasson**
fv. alþingismaður

Ráðherra í ríkisstjórn sagði nýlega að andstaða við frumvarp um afnám ÁTVR væri til komin vegna pólitískrar hugmyndafræði og bætti reyndar um betur og sagði að um sama væri að ræða hvað varðar einkavæðingu heilbrigðiskerfisins; andstaðan við hana væri vegna pólitískrar einsýni. Þingmaður sama sinnis hvatti til þess að menn hættu umræðu um áfengismálið hið snarasta og gengju til atkvæðagreiðslu um málið á Alþingi, það væri ekkert meira um það að segja. Þriðji stjórnmálamaðurinn, sem reyndar segist vera beggja blands í afstöðu sinni til áfengisfrumvarpsins, segir málið erfitt viðfangs enda kristallist í því togstreita á milli frelsis og lýðheilsu. Ég ætla að leyfa mér að gagnrýna afstöðu þessara þriggja stjórnmálamanna.

**Röksemdir og kredda**

Í fyrsta lagi þá skýtur skökku við að saka andstæðinga einkavæðingar, hvort sem er í heilbrigðiskerfinu eða varðandi áfengismálin, um að stjórnast af hugmyndafræði, þegar staðreyndin er sú að allur málflutningur þeirra gengur út á málefnaleg rök, vísað er í rannsóknir og skýrslur, ábendingar heilbrigðisyfirvalda, ungmenna- og foreldrasamtaka og fagaðila, sem flestir ef ekki allir, gera grein fyrir andstöðu sinni með skírskotun til efnislegra röksemda. Síðast en ekki síst vísa andstæðingar frumvarpsins til lýðheilsustefnu stjórnvalda sem byggir á ítarlegri rannsóknarvinnu.

Stuðningsfólk frumvarpsins klifar á hinn bóginn á því að óeðlilegt sé að ríkið hafi áfengissölu með höndum. Það er fyrst og fremst hugmyndafræðileg afstaða svo fremi hún styðjist ekki við annað en þetta pólitíska viðhorf, að ríkið eigi ekki að koma nálægt neins konar markaðsstarfsemi.

**Málefnalegar spurningar og vangaveltur**

Ef samfélagsleg aðkoma tryggir eftirfarandi umfram einkaaðila:

a) betra utanumhald og minni ágang markaðsafla,

b) er betri fyrir ríkissjóð og þar af leiðandi okkur sem skattgreiðendur,

c) færir okkur hagstæðara verðlag (hátt útsöluverð stjórnast af álagningu),

d) tryggir meira úrval,

e) dregur úr aðstöðumun þéttbýlis og dreifbýlis; ef þetta er svo, er þá ekki sjálfsagt að halda í það fyrirkomulag sem við búum við?

Í þessum röksemdum sameinast þeir sem vilja takmarka aðgengi af lýðheilsuástæðum og hinir sem neyta áfengis og vilja hafa ríka valmöguleika, tryggja hagstætt verðlag og hagsmuni sína sem skattgreiðendur. Allt eru þetta efnislegar röksemdir gegn staðhæfingum þeirra sem segja það vera rangt að ríkið hafi áfengisdreifinguna á sinni hendi af þeirri einföldu ástæðu að það sé rangt! Með öðrum orðum: Af því bara. Ég held að varla sé hægt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að hugmyndafræði sé þarna orðin stjórnmálamönnum fjötur um fót.

**Ekki flýti á kostnað yfirvegunar!**

En hvers vegna ekki að afgreiða málið í snarhasti með atkvæðagreiðslu, þess vegna á morgun? Það er vissulega rétt, að margt hefur verið sagt um þetta mál bæði inni á Alþingi og í þjóðfélaginu almennt. En ef það er nú svo að meirihluti þingmanna gæti verið fyrir því að hunsa eigin lýðheilsustefnu, ganga gegn ábendingum alþjóðlegra og innlendra heilbrigðisyfirvalda, Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, Landlæknisembættisins, samþykktum heilbrigðisstétta, almennum vilja í þjóðfélaginu eins og hann hefur margítrekað birst í skoðanakönnunum, með öðrum orðum, lýðræðislegum vilja, óskum og hvatningu foreldrasamtaka, sérfræðinga í áfengisvarnarmálum, nánast allra umsagnaraðila um málið, ef á að hunsa allt þetta og þröngva síðan upp á okkur fyrirkomulagi sem svo rík andstaða er gegn, verður þá ekki skiljanlegt að menn vilji vinna tíma þar til öllum þingmönnum sem greiða atkvæði um málið hafi örugglega gefist tóm til að ígrunda allar hliðar þess af yfirvegun? Varla er til of mikils mælst í svo afdrifaríku máli að þeir sem taka ákvörðun geri það á upplýstan hátt!

**Hagsmunabarátta, ekki frelsisbarátta**

Í þriðja lagi langar mig til að beina því til þeirra sem telja að málið snúist um togstreitu á milli frelsis og lýðheilsusjónarmiða, hvort ekki væri nær að segja að í því kristallist átök á milli lýðheilsuhagsmuna annars vegar og verslunarhagsmuna hins vegar. Eða hvers vegna skyldu stóru verslunarsamsteypurnar vera nær einu aðilarnir sem mæla málinu bót í samræmdu pólitísku göngulagi með hugmyndafræðilegum samherjum á þingi?

Verslunarkeðjurnar eru ákafar í breytingar, enda er þar um mikla peningahagsmuni þeirra að tefla. Eigendurnir vilja þannig ÁTVR-verslun ríkisins feiga. Og það vilja þeir ekki bara af því bara.

# Fjöldi öryrkja ekki í samræmi við framfarir í læknavísindum



**Gunnlaugur H. Jónsson**
eðlisfræðingur

Íslenska heilbrigðiskerfið er gjarnan sagt vera „eitt það besta í heimi“ og það staðfestir Hagstofan með þessari fyrirsögn: „Lífslíkur á Íslandi með þeim mestu í Evrópu.“ Með bólusetningum hefur því sem næst verið hægt að útrýma lömunarveiki, heyrnarleysi og margri annarri varanlegri örorku. Með bæklunarskurðaðgerðum er hægt að skipta um og laga liðskemmdir sem áður leiddu til örorku. Með augnaðgerðum fá blindir sýn, með heyrnartækjum má laga heyrn og með hjartaþræðingum má lagfæra hjörtu og æðar.

**Íslendingar eru of greindir í heilbrigðiskerfinu**

Miðað við þessa upptalningu mætti ætla að heilbrigðiskerfið geti útrýmt örorku meðal Íslendinga sem ekki eru komnir á ellilífeyrisaldur. Raunveruleikinn er allur annar. Öryrkjar eru hlutfallslega tvöfalt fleiri en annars staðar á Norðurlöndum. Aldrei hafa fleiri verið úrskurðaðir öryrkjar en á síðasta ári þegar úrskurðir um örorkumat voru 1.796 og fjölgaði um 22%. Samkvæmt tölum Tryggingastofnunar voru örorkulífeyrisþegar 16.765 á árinu 2015. Á árinu 2015 fæddust 4.129 einstaklingar. Fjöldi öryrkja samsvarar fjórum heilum árgöngum og hefur fjöldi þeirra nær fimmfaldast á 30 árum og hlutfall þeirra á aldursbilinu 18-66 ára hefur aukist um 154%, úr 3,5% í 8,9%.

Hvernig má það vera að fjöldi öryrkja margfaldast á sama tíma og læknavísindum fleygir fram? Ástæðan hlýtur að vera kerfislæg í þeim kerfum sem sett hafa verið upp til þess að meta örorku og til þess að aðstoða öryrkja við að fá bót meina sinna. Óhuggulegar upplýsingar berast um pilluát Íslendinga og aðrar skyndilausnir.

Fjölmiðlar eru undirlagðir af töfralausnum: fæðubótarefnum, vítamínum, ofurfæðu og lyfjum. Lyfjafyrirtækin setja árlega á markað nýjar lausnir í pilluformi við verkjum, ofvirkni, kvíða, svefnleysi og depurð. Öll eru þessi lyf sögð örugg til inntöku og rétt að börn fái viðeigandi lyf frá fæðingu.

Íslendingar virðast vera sérstaklega móttækilegir fyrir töfralausnum. Hver man ekki eftir fótanuddtækjunum? Þau voru skaðlaus en það eru ekki örvandi lyf eins og rítalín og skyld lyf sem við notum í margfalt meira magni á Íslandi (260% meira) en í Svíþjóð. Frá embætti landlæknis koma þessar fréttir: „Þá er Ísland orðið hæst í notkun verkjalyfja, örvandi lyfja, svefnlyfja og róandi lyfja, róandi og kvíðastillandi lyfja og flogaveikilyfja sem öll eru ávanabindandi.“

**Ofnotkun lyfja**

Margir geta hvorki vaknað, horft framan í daginn eða sofnað án þess að taka viðeigandi pillu. Íslendingar eru greindir með of mörg sjúkdómseinkenni sem lækna á með pilluáti. Að undanförnu hafa verið gerðir sjónvarpsþættir og birst fréttir um

**Hvernig má það vera að fjöldi öryrkja margfaldast á sama tíma og læknavísindum fleygir fram? Ástæðan hlýtur að vera kerfislæg í þeim kerfum sem sett hafa verið upp til þess að meta örorku og til þess að aðstoða öryrkja við að fá bót meina sinna.**

það böl sem ópíumlyf (OxyContin) hafa valdið heilu bæjarfélögunum í Bandaríkjunum. Ópíumlyf hafa valdið dauða 200.000 Bandaríkjamanna á 20 árum. Það samsvarar því að 10 Íslendingar deyi árlega. Það dóu tugir Íslendinga af of stórum skammti ávanabindandi lyfja á árinu 2016. Hlutfallslega er vandinn stærri en í Bandaríkjunum.

Það er ekki létt verk að koma á samræmdum lyfjagagnagrunni á Íslandi. Margir læknar hafa til skamms tíma ekki nýtt hann og jafnvel barist gegn honum. Mikilvægt er að landlæknir fái stuðning til þess að þróa grunninn enn frekar og nýta til þess að rannsaka ávísanir á fíkla frá því að fyrsti lyfseðillinn er útfylltur þar til lyfjafíkill finnst látinn af of stórum lyfjaskammti. Stöndum með landlækni við að taka þéttar í taumana og herða eftirlit (viðurlög) með þeim sem mest vísa á vanabindandi lyf.

***P.S.** Auk þess legg ég til að rannsökuð verði örlög rítalínbarna miðað við önnur (of)virk börn.*





| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!


KRÓNAN
Krónan mælir með!
199 kr. kg
Ferskur ananas, Kosta Ríka
Verð áður ~~249~~ kr. kg
-20%
399 kr. pk.
Vínber í öskju, 500 g. Suður-Afríka
Verð áður ~~499~~ kr. pk.
Tilboðin gilda til 26. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

KRÓNAN

Ódýrt




**1184** kr. pk.

Kjúklingabringur, frosnar, 900 g

Ódýrt




**99** kr. stk.

Gestus gular baunir 340g







**299** kr. pk.

First Price rifflaðar franskar 1 kg




**239** kr. pk.

Krónu kokteilsósa 400ml

Tilboðin gilda til 26. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is



KRÓNAN
-35%
New York marinering
-35%
1469 kr. kg
Grísahryggur úrbeinaður, Spánn
Verð áður 2280 kr. kg
1469 kr. kg
Lúxus úrbeinaðar grísakótilettur, úrval marineringa, Spánn
Verð áður 2280 kr. kg
Gott verð!
KRÓNAN fyrst og fremst ódýr
Kjúklingur
799 kr. kg
Krónu kjúklingalæri
750 kr. kg
Krónu kjúklingur ferskur 1/1
Tilboðin gilda til 26. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is



KRÓNAN
Gott á borgarann
689 kr. stk.
Shake & Pizza beikonsulta
399 kr. stk.
Fabrikku sósa 300 ml
12 stk. í pakka
Smáborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar
1999 kr. pk.
12 stk. í pakka, 100% hágæða smáborgarar
ENGIN AUKEFNI 100% UNGNAUTAHAKK
Hamborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar
1299 kr. pk.
2 stk. í pakka, 100% ungnautahamborgarar
Heitt og klárt
Heill grillaður kjúklingur og 2 lítrar af Coca-Cola eða Topp
1599 kr. tvennan
Tilboðin gilda til 26. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Nýjast

**Domino's-deild karla**
***8 liða úrslit þriðji leikur***

**Stjarnan - ÍR 75-72**
**Stjarnan:** Hlynur Bæringsson 20/10 frák., Anthony Odunsi 10, Marvin Valdimarsson 10, Justin Shouse 9, Eysteinn Ævarsson 7. **ÍR:** Matthías Sigurðarson 21/10 frák., Quincy Hankins-Cole 14/14 fráköst.
***Stjarnan vann einvígið, 3-0.***

**Tindastóll - Keflavík 107-80**
**Tindastóll:** Björgvin Ríkharðsson 22, Chris Caird 19, Pétur Birgisson 14, Antonio Hester 13, Helgi Freyr Margeirsson 12.
**Keflavík:** Magnús Traustason 18, Reggie Dupree 14, Hörður Vilhjálmsson 10.
***Staðan er 2-1 fyrir Keflavík.***

**Grindavik - Þór Þorl. 100-92**
**Grindavík:** Dagur Kár Jónsson 29, Lewis Clinch 20, Þorleifur Ólafsson 17.
**Þór:** Tobin Carberry 38, Maciej Baginski 18.
***Staðan er 2-1 fyrir Grindavík.***

## Í dag

**18.00 WGC** Golfstöðin
**19.00 Fimmgangur F1** Sport
**23.00 Kia Classic** Golfstöðin

***Olís-deild karla***
**18.30 ÍBV - Haukar** Eyjar
**19.30 Stjarnan - Selfoss** Mýrin
**19.30 FH - Afturelding** Kaplakriki

***Íshokkí lokaúrslit um titilinn***
**19.00 SA-Esja** Skautahöllin á Ak.

## Stjarnan sópaði ÍR-ingum í sumarfrí með dramatískum sigri


Anthony Odunsi sækir hér að körfu ÍR í leik liðanna í gær en hann var frábær skemmtun og stemningin í stúkunni frábær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK






# Minn tími mun koma

**Sverrir Ingi Ingason hefur spilað hverja einustu mínútu með Granada eftir að hann samdi við liðið í upphafi árs. Næsti andstæðingur verður stjörnum prýtt lið Barcelona. Hann stillir kröfum sínum gagnvart landsliðinu í hóf.**


Eiríkur Stefán Ásgeirsson
**skrifar frá Parma**
eirikur@365.is




**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Sverrir Ingi Ingason hefur fengið sannkallaða eldskírn á fyrstu vikum sínum í spænsku 1. deildinni. Sverrir Ingi samdi við Granada í upphafi árs og hefur síðan þá spilað hverja einustu mínútu í hverjum leik.

Granada stendur þó í harðri fallbaráttu og er sem stendur í næstneðsta sæti þegar tíu umferðir eru eftir af tímabilinu.

„Auðvitað er staðan erfið. Ég vissi þegar ég samdi að það yrði erfitt verkefni að halda liðinu uppi en það er enn nóg eftir og vonandi tekst okkur að vinna nokkra leiki á lokakaflanum og halda vonum okkar á lífi," sagði Sverrir Ingi við Fréttablaðið í gær.

Viðtalið var tekið rétt fyrir æfingu íslenska landsliðsins í Parma á Ítalíu um hádegisbil. Síðar um daginn flaug hópurinn yfir til Albaníu en þar fer fram leikur Kósóvó og Íslands í undankeppni HM 2018 á föstudagskvöld.

### Besta lið heims í heimsókn

Sverrir Ingi segir að það hafi ekki komið honum á óvart að fá jafn mikið traust og hann hefur fengið frá þjálfara Granada. „Ég fékk þau skilaboð strax að ég myndi fara beint inn í liðið. Það hefur verið bras á liðinu og bæði þjálfarinn og forráðamenn félagsins vildu þetta."

Granada fór ágætlega af stað á nýju ári en hefur gefið eftir. Nú síðast tapaði liðið fyrir Sporting Gijon, 3-1, í miklum fallslag en Sverrir Ingi skoraði sitt fyrsta mark í spænsku úrvalsdeildinni í umræddum leik.


**Sverrir Ingi er þolinmóður og veit að hans tækifæri mun koma.** NORDICPHOTOS/GETTY

Eftir landsleikjahléið tekur við öllu stærra verkefni er Granada fær stjörnum prýtt lið Barcelona í heimsókn.

„Við gerum okkur auðvitað grein fyrir því hversu erfitt það verður. Að mínu mati eru þarna bestu leikmenn heims og besta lið heims. En við verðum að fara inn í leikinn með það hugarfar að við verðum að fá eitthvað út úr honum. Vonandi tekst okkur að stela sigri eða punkti, það myndi gera mikið fyrir okkur."

> Ég hef margoft sagt að þeir sem hafa verið í íslensku vörninni hafa verið frábærir. Ég er 23 ára og veit að minn tími mun koma.
>
> Sverrir Ingi Ingason

### Engin vonbrigði

Sverrir Ingi hefur nýtt þau tækifæri sem hann hefur fengið með landsliðinu vel og verið til að mynda duglegur að skora í æfingaleikjum. Hann gerir þó engar kröfur um sæti í byrjunarliðinu, þó svo að miðverðirnir Kári Árnason og Ragnar Sigurðsson hafi lítið spilað með sínum liðum að undanförnu.

„Ég hef margoft sagt að þeir sem hafa verið í íslensku vörninni hafa verið frábærir. Ég er 23 ára miðvörður og veit að minn tími mun koma. Ég verð líka klár ef kallið kemur en það verða alls engin vonbrigði ef það kemur ekki."

Hann segist hafa lært mikið af því að spila með reynsluboltunum í íslensku vörninni. „Þeir þekkja þennan alþjóðabolta vel eftir að hafa spilað í fremstu röð í mörg ár. Þeir hafa hjálpað mér mikið."

# Fólk

FIMMTUDAGUR 23. MARS 2017

Tíska



**HönnunarMars hefst formlega í dag. Meðal þátttakenda eru fjölmargir skartgripahönnuðir en níu viðburðir tengjast skartgripahönnun í ár.**

tíska →4



# Nýir eyrnadropar við eyrnaverk og bólgu

Otikon eru eyrnadropar sem hreinsa eyrnamerg úr hlust, draga úr verk og styðja við meðferð við eyrnabólgu. →2




FRAKKAR
Fallegt, fágað og töff

- Sjáumst í
comma,
SMÁRALIND

Framhald af forsíðu ➪

Gagnsemi Otikon við meðferð á eyrnaverk og bólgu í tengslum við miðeyrnabólgu hefur verið sannreynd í þremur klínískum rannsóknum,“ segir Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi lausasölulyfja hjá Artasan.

Sýking í miðeyra eða miðeyrnabólga getur orsakast af stíflu í kokhlust sem tengir saman miðeyra og nefkokið. Við kvef getur stíflan valdið söfnun vökva sem getur orðið gróðrarstía og leitt til sýkingar. Þessi bólga er algengari hjá ungbörnum og börnum þar sem kokhlustin er þrengri og stíflast auðveldlega. Aðaleinkenni eyrnabólgu er verkur, sem getur verið frá vægum til óbærilegs í versta falli sem leiðir til æsings og óróa, aðallega hjá börnum. „Mikilvægt er að taka fram að eyrnaverkur gefur ekki endilega til kynna bólgu og stundum er nægilegt að eyrnagöngin séu stífluð til að valda verk, með öðrum orðum þá þarf eyrnaverkur ekki endilega að tengjast bakteríusýkingu,“ áréttir Þórhildur.

„Otikon eru eyrnadropar til úðanotkunar sem innihalda náttúruleg efni sem notuð eru til að hreinsa eyrnamerg úr hlustinni, draga úr eyrnaverk og styðja við meðferð við eyrnabólgu,“ segir Þórhildur.

Otikon hefur marga kosti, úðinn hjálpar til við að fjarlægja eyrnamerg úr hlustinni á eðlilegan hátt en úðinn mýkir eyrnamerginn og smyr hlustina, hann nýtist þannig til að bæta heyrn með því að losa tappa af eyrnamerg úr hlustinni.

Úðinn þekur hlustina með olíulagi sem ver hana fyrir utanaðkomandi efnum auk þess sem úðinn getur dregið úr verkjum. Úðinn hentar börnum og mikill kostur þykir hve auðveldur hann er í notkun.

Otikon fæst í næsta apóteki.

NÝTT

100% náttúruleg innihaldsefni








**Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi lausasölulyfja hjá Artasan.**

## Auðveld notkun

- 1-2 úðar í eyra, mest þrisvar á dag í 5 til 7 daga, eða þangað til einkenni lagast.
- Hristið flöskuna, réttið úr úðastútnum og setjið endann u.þ.b. ½ cm inn fyrir op hlustarinnar, úðið.
- Bíðið í hálfa mínútu og setjið lítinn bómullarhnoðra í eyrað. Eftir úðun má halla höfðinu til hliðar til að flýta fyrir að lausnin berist inn í eyrað.
- Geymið dropana á svölum stað en þá má nota í 3 mánuði eftir opnun.

## Otikon

- Meðferð við eyrnaverk og bólgu í tengslum við miðeyrnabólgu
- Hjálpar til við að fjarlægja eyrnamerg úr hlustinni

**Úðinn hentar börnum og mikill kostur þykir hve auðveldur hann er í notkun.**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433



euromarina

3 NÆTUR Á HÓTELI 4* AÐ GJÖF
Verið velkomin á kynningarfund okkar og þiggjið léttar spænskar veitingar

SÓL | STRÖND
UPPLIFUN | AFSLÖPPUN







LIND FASTEIGNASALA

VELKOMIN
Í VORIÐ Á SPÁNI !

Það er okkur sönn ánægja að bjóða þér á kynningarfund þar sem að við munum útskýra á einfaldan máta allt um kaupferlið á eignum á Spáni.

Lögfræðingar frá hinni virtu lögfræðistofu Pellicer & Heredia munu fara yfir ferlið og það sem þarf þegar fest eru kaup á heimili á Spáni, hvað ber að varast og hvaða kostir fylgja því að eiga eign á Spáni.

Við munum sýna þér úrval fasteigna og hjálpa þér að finna draumaeignina á Spáni.

Við munum gefa allt að þriggja nátta gistingu á 4 stjörnu hóteli og skoðunarferð um svæðið.

Staðsetning kynningarfundar:
Hótel Cabin,
Borgartúni 52, 7 hæð.

24. mars kl. 17.00-20.00 og 25. mars kl. 12.00-18.00

birna@euromarina.es
gunnar@fastlind.is

Euromarina Fasteignir



# JSB fyrir þig í 50 ár!

*Frábær afmælistilboð í ræktina*

50 ára afmælistilboð

[ Sjá nánar á jsb.is ]

50 ára

LÍKAMSRÆKT JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • **www.jsb.is**

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

















**Hjarta úr gulli**
Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir og Sigríður Heimisdóttir standa saman að Hjarta úr gulli. Allur ágóði rennur til Neistans. **Sýningarstaður: Aurum, Bankastræti 4**



**Asterias**
Asterias er ný skartgripalína eftir Guðbjörgu Kr. Ingvarsdóttur. Bylgjur rísa yfir gleymdri strönd vestur á fjörðum. **Sýningarstaður: Aurum, Bankastræti 4**



**Fugl eða fiskur**
Á sýningunni má sjá hönnunarferlið að baki Lóunni eftir Ingu Höskuldsdóttur. **Sýningarstaður: Madison Ilmhús, Aðalstræti 9**



**Samtvinnað**
Helga Sif Guðmundsdóttir myndhöggvari kynnir skartgripalínu sína Entwine. Helga Sif sækir innblástur í textílhefðir og samfléttun en þá nálgun má einnig finna í verkum hennar. Skartið er unnið úr brassi og ferskvatnsperlum. **Sýningarstaður: Hlín Reykdal Stúdíó, Fiskislóð 75**

# Gull & gimsteinar

## HönnunarMars hefst formlega í dag. Meðal þátttakenda eru fjölmargir skartgripahönnuðir en níu viðburðir tengjast skartgripahönnun í ár. Aðra dagskrá HönnunarMars má finna á honnunarmars.is.



**Húslestur**
Erling Jóhannesson og Helga Ósk sýna verk á vinnustofu sinni sem varpa ljósi á sögu þeirra verka sem þau vinna að um þessar mundir – sögu sem hófst á HönnunarMars 2015. **Sýningarstaður: Gullsmiðir Erling og Helga Ósk, Hverfisgötu 39**



**Einn**
Raus Reykjavík hefur í samstarfi við Bláa lónið hannað skartgripalínu sem er innblásin af virkum efnum jarðsjávar Bláa lónsins. Línan EINN er unnin út frá smásjármyndum af kísli úr Bláa lóninu sem er eftirsóttur í fegrunarvörur. **Sýningarstaður: Bláalónsverslun, Laugavegi 15**



**Keltar og kóngar**
Fríða Jónsdóttir kynnir skartgripalínu þar sem hún leitar aftur til keltneskra og norrænna áhrifa. **Skartgripaverslunin Fríða, Skólavörðustíg 18**

**Rætur**
Lovísa Halldórsdóttir og Unnur Eir Björnsdóttir frumsýna fyrstu sameiginlegu línu sína sem er væntanleg haustið 2017. **Sýningarstaður: Kaffibrennslan, Laugavegi 21**





**Hrafntinna – Brot úr náttúru**
Hansína Jensdóttir sækir innlástur hönnunarinnar í skurðpunkt náttúrunnar og hins manngerða. **Sýningarstaður: Hannesarholt, Grundarstíg 10**



SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE 2017
Fyrsta sending komin!
ParkTool
CUBE HYBRID
CUBE RACE
CUBE 29"
Tacx
Xenofit
www.xenofit.de
ParkTool
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
BEETELITE
NeoSHOT
CUBE
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00

Bestu buxur í heimi???

Við elskum þessar buxur



Buxur St. S-XL verð 9.990 kr.

FLASH

Toppar st. S-XXXL verð 5.000 kr.

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Fleiri myndir á Facebook

Kjólar og túnikur



kr. 8.900. kr. 11.900.

Str: 40-56
Fleiri litir - Fleiri munstur

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

N1 olís nettó BÓNUS
Samkaup strax Samkaup úrval



Ný verslun Bernhard Laxdal í glæsilegum húsakynnum.

# Ný sérverslun með yfirhafnir

**Kvenfataverslunin Bernhard Laxdal hefur opnað glæsilega verslun að Skipholti 29b. Guðrún Axelsdóttir, eigandi verslunarinnar, býður vandaðan fatnað og sterk merki.**

Við leggjum áherslu á sterk og klassísk kvenfatamerki sem hafa staðist tímans tönn. Þá höfum við í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á yfirhafnir í verslun okkar á Laugavegi. Með nýrri verslun í Skipholti verður áherslumunur milli búðanna en báðar munu bjóða GERRY WEBER, þýskan gæðafatnað, en nýja verslunin verður meiri sérverslun með yfirhafnir. Það er okkar sérstaða á íslenskum markaði. Þar bjóðum við úrval ullarkápa, vor- og sumarkápur, haustkápur og regnkápur og einnig glæsikápur,“ segir Guðrún Axelsdóttir, eigandi kvenfataverslunarinnar Bernhard Laxdal.

Aðalmerki Berhard Laxdal eru Gerry Weber og Betty Barclay. Þá býður verslunin vandaðan fatnað frá Gardeur, Junge, Creenstoe, Cinzia Rocca, Frank Lyman og fleiri.

„Þessi merki fylgjast gríðarlega vel með tískunni og hjá þeim er einnig að finna hágæða efnisval, polýester í þessum flíkum er alls ekki það sama og polýester í ódýrum fatnaði. Þarna er um miklu meiri gæði að ræða,“ segir Guðrún. „Þá má nefna að viðskiptavinir okkar njóta góðs af styrkingu krónunnar og niðurfellingu tolla af fatnaði en verð hjá okkur hefur lækkað um 20 til 30 prósent. Í dag er allt annað og betra umhverfi en var. Við fáum nýjar vörur vikulega og hvetjum viðskiptavini til þess að fylgjast með okkur á Facebook. Þar setjum við inn myndir af öllum nýjungum.“





Guðrún Axelsdóttir ásamt samstarfskonum sínum, Rannveigu og Hjördísi, í nýrri verslun Bernhard Laxdal, Skipholti 29b. MYND/ERNIR

„Nýja verslunin verður að stórum hluta sérverslun með yfirhafnir. Það er okkar sérstaða á íslenskum markaði,“ segir Guðrún.





# Sameignin

23. MARS 2017 **Kynningar:** Eignarekstur, Húsfélagaþjónustan, Álfaborg og Parki



MYND/VILHELM

# Persónuleg húsfélagaþjónusta

## Eignarekstur býður alhliða þjónustu til húsfélaga. Ragnhildur Guðrún Pálsdóttir framkvæmdastjóri hugsar hvert húsfélag eins og fjölskyldu.

Það á að vera gaman að búa í fjölbýlishúsi og skemmtilegt að mæta á húsfundi. Hvert húsfélag er eins og fjölskylda og engin tvö er eins. Við hjá Eignarekstri leiðum húsfélagið gegnum þykkt og þunnt og sjáum um allt sem snýr að húsfélaginu, það er okkar sérstaða. Yfirleitt er þungu fargi af íbúum létt þegar húsfélagið er komið í þjónustu til okkar,“ segir Ragnhildur Guðrún Pálsdóttir, framkvæmdastjóri húsfélagaþjónustunnar Eignareksturs.

„Við bjóðum þjónustu okkar fyrir fast verð og leggjum áherslu á gegnsæi. Engir viðbótarreikningar dúkka upp fyrir aukahúsfundi eða þótt fleiri kennitölur fylgi húsfélaginu eins og lóðafélag eða annað. Vilji stjórn húsfélags kynna sér þjónustu okkar mætum við á húsfundi endurgjaldslaust og kynnum það sem við höfum upp á að bjóða. Ef áhugi er fyrir hendi hefur fólk svo samband og við gerum félaginu tilboð. Minnstu húsfélögin okkar eru þrjár íbúðir og svo upp í allt að 180 íbúða fjölbýlishús og leigufélög,“ útskýrir Ragnhildur.




**Frá vinstri, Þorgerður Ernudóttir, Haraldur Rafn Pálsson, Bryndís Bessadóttir, Ragnhildur Guðrún Pálsdóttir, Páll Haraldsson og Haukur Örvar Weihe.** MYND/ERNIR

### Við gerum meira fyrir húsfélagið

„Bókhaldsþjónustan er viðamikill þáttur í þjónustunni en við leggjum okkur fram um að gera meira. Við byrjum á að fara yfir húsgjöldin og stöðuna, gerum framkvæmdalista um það sem liggur fyrir og það sem oft er búið að tala um að þurfi að gera en aldrei komist í verk. Við sækjum um endurgreiðslu á vsk. og gerum ársreikninga fyrir húsfélögin. Við sjáum um að fá tilboð í allar framkvæmdir og erum í samvinnu við verkfræðistofur og verktaka. Öll fundarhöld og umstangið í kringum þau sjáum við algjörlega um, fundarsalur ásamt ritara er innifalið í mánaðargjaldinu.

Bókhaldsþjónusta fyrirtækisins hefur tekið að sér meðal annars að endurreikna húsgjöld aftur í tímann, reikna út og gera greiðsluplan vegna sameiningar kennitalna og einnig ársreikninga aftur í tímann.

Innanhúss hjá okkur starfar ráðgjafi sem sér um þjónustumálin. Í farsímanúmer má hringja í neyðartilfellum, til dæmis ef springur vatnsrör, þá bregðumst við skjótt við. Við sjáum um t.d. að lesa af orkumælum og taka á móti kvörtunum og ábendingum. Við sjáum jafnvel um að skipta um perur í sameign sé þess óskað. Hjá okkur starfar lögfræðingur og inni í föstu gjaldi viðskiptavina Eignareksturs er aðgengi að lögfræðiaðstoð.“

### Öll gögn á einum stað

„Við söfnum einnig saman öllum gömlum gögnum sem tilheyra húsfélaginu. Í gömlum fjölbýlishúsum með langa sögu geta þau leynst í pappakössum í geymslum og plastpokum uppi á lofti, eignaskiptasamningar, ástandsskýrslur, framkvæmdaskýrslur og ýmislegt fleira sem skiptir máli. Við sækjum þetta allt, skönnum inn og vistum í möppu sem eigendur íbúða hafa aðgang að. Þannig hafa allir aðgang að nauðsynlegum upplýsingum,“ útskýrir Ragnhildur.

„Oft situr einhver einn uppi með verkefnalistann í húsfélaginu og hefur ekki tíma í þetta allt. Við drífum í nauðsynlegum verkefnum í samvinnu við íbúa. Það er sjaldnast sem ekki þarf að taka til hendinni í byrjun samstarfs og við leggjum okkur fram um að allt sé á jákvæðum nótum. Það leiðist engum á húsfundum með okkur,“ segir Ragnhildur brosandi.









Stepp – er nú hluti af Parket & Gólf.

Ármúli 32, 108 Reykjavík
Sími 568 1888
www.pog.is
pog@pog.is

PARKET & GÓLF
- gerir hús að heimili

# Heildarlausnir fyrir húsfélög

## Húsfélagaþjónustan er sérhæfð í ræstingum fyrir húsfélög og fyrirtæki og þjónustu í þrifum og umhirðu. Fyrirtækið var stofnað 2002 og byggir á reynslumiklum og traustum starfsmönnum.

Húsfélagaþjónustan leggur áherslu á þjónustu við sameignir í fjölbýli, að sögn Þóris Gunnarssonar framkvæmdastjóra.

„Meginstarfsemi okkar snýr að reglubundnum þrifum og ræstingu. Auk þess þjónustum við atvinnu- og skrifstofuhúsnæði en sá hluti eykst stöðugt þótt hefðbundin þrif- og ræstingarþjónusta við húsfélög sé fyrirferðarmest hjá okkur. Þá tökum við að okkur fjölmörg önnur verkefni, stór og smá, þ.á m. teppahreinsun, sorpgeymsluþjónustu, gluggaþvott, flutningsþrif, þrif eftir framkvæmdir og svo mætti lengi telja.“


Lögð er áhersla á fagleg vinnubrögð og bestu fáanlegu áhöld hverju sinni.

### Nákvæm verklýsing

Í upphafi skoðar starfsmaður fyrirtækisins sameignina eða verkefnið og gerir húsfélaginu eða viðkomandi tilboð í kjölfarið. „Ef tilboðinu er tekið, er gerður samningur þar sem öll þjónusta sem er keypt er nákvæmlega tilgreind. Nákvæm verklýsing er gerð sem starfsfólk okkar vinnur eftir og merkir við hvern lið sem unninn er hverju sinni. Helstu verkefni okkar fyrir húsfélög eru að ryksuga, þvo gólf, þurrka af ryk og þvo gler í anddyri og ýmislegt fleira. Sameignin er þrifin í samvinnu við íbúa enda þykir okkur mikilvægt að gerðar séu skýrar verklýsingar eftir óskum hvers og eins svo allt sé á hreinu,“ segir Þórir.

### Vorverkin nálgast

Nú þegar vorið nálgast minnir Þórir á hefðbundin vorverk Húsfélagaþjónustunnar, svo sem gluggaþvott og teppahreinsun. „Fyrirtækið á eigin lyftur fyrir gluggaþvottinn og við sjáum um gluggaþvott fyrir mörg af stærri húsum landsins en við þvoum glugga á öllum stærðum húsa.“ Teppahreinsun er einnig fastur hluti af vorverkunum. „Þá er einmitt gott að hreinsa úr þeim sand og tjöru sem fara í teppin yfir vetrarmánuðina en hreinsast ekki svo auðveldlega við ryksugun. Við erum með fullkomnustu vélar og hreinsiefni sem er með því allra besta sem býðst, bæði fyrir blauthreinsun og þurrhreinsun,“ segir hann.

### Allt á einum stað



Þórir segir marga kosti við að kaupa þrif- og ræstingarþjónustu hjá fagmönnum í stað þess að sjá um slíkt sjálf. „Flestir eru uppteknir við vinnu, tómstundir og ferðalög og finnst mikill kostur að geta fengið alla þjónustuna á einum stað. Víða eru leiguíbúðir og leigjendur ekki alltaf jafn viljugir að þrífa sameignina svo fátt eitt sé nefnt. Við notum eingöngu vistvæn hreinsiefni sem við flytjum inn sjálf. Þau koma frá ítalska fyrirtækinu Sutter sem var það fyrsta sem framleiddi hreinsiefni sem uppfylltu Kyotobókunina á sínum tíma og er framúrskarandi á sínu sviði.“

### Reyndir starfsmenn

Húsfélagaþjónustan er mjög vel tækjum búin. „Við vinnum stöðugt að því að bæta okkur og höfum því alltaf augun opin fyrir því besta sem er í boði hverju sinni. Einnig má nefna að stór hluti starfsmanna okkar hefur starfað hjá fyrirtækinu mjög lengi, jafnvel frá upphafi. Starfsmannaveltan er lítil og 30 manna reynslumikill kjarni leysir verkefni dagsins. Það skiptir miklu máli fyrir starfsemi af þessu tagi að hafa trausta og heiðarlega starfsmenn sem kunna vel til verka og sama starfsfólkið sjái ávallt um hvert hús, þannig verða líka viðskiptavinirnar ánægðir.“

Nánari upplýsingar má finna á www.husfelag.is.

# Pub quiz á milli stigaganga

## Georg Páll Skúlason hefur verið gjaldkeri húsfélagsins í Eskihlíð 10 í 15 ár. Hann telur ekki starfið eftir sér enda andinn í húsfélaginu afar góður.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Georg flutti í Eskihlíðina árið 2000 og varð fljótlega viðriðinn húsfélagið, fyrst sem formaður en gjaldkeri hefur hann verið síðastliðin 15 ár. „Meginástæðan fyrir því að ég hef látið til leiðast í starfið öll þessi ár er það góða andrúmsloft sem ríkir í húsinu. Á meðan andinn er góður í hópnum, menn eru samstiga um að vilja halda húsinu í góðu ástandi og vinna saman að því marki, þá tel ég þetta ekki eftir mér,“ segir Georg og bætir við að starfið reynist sér alls ekki þungt í skauti. „Við höfum verið í húsfélagaþjónustu hjá Íslandsbanka sem gerir starf mitt mjög auðvelt.“

### Vinsælir húsfundir

Georg segir jákvæðnina í húsfélaginu mjög drífandi. „Við erum að fá 80 til 90 prósent mætingu á húsfélagsfundi sem gerir starfið létt og skemmtilegt. Þá leggja allir sitt af mörkum,“ segir hann og tekur dæmi um það þegar snjórinn mikli féll í mars. „Þá reyndist fjölmennur hópur vera kominn út á plan að moka þó húsfélagið hefði ekki boðað til þess.“

Tveir stigagangar eru í blokkinni og 19 íbúðir. Ýmislegt er gert til að auka samheldni íbúanna. „Haldinn er sameiginlegur hreinsunardagur á vorin sem lýkur með grillveislu. Það þéttir raðir bæði fullorðinna og barna. Um daginn var haldið pub quiz á milli stigaganga. Við búum svo vel að Stefán Pálsson sagnfræðingur er formaður húsfélagsins. Hann bjó til spurningakeppnina sem reyndist æsispennandi,“ lýsir Georg og bætir við að oft vilji húsfélagsfundir leysast upp í glens og gaman.

> **Um daginn var haldið pub quiz á milli stigaganga. Við búum svo vel að Stefán Pálsson sagnfræðingur er formaður húsfélagsins. Hann bjó til spurningakeppnina sem reyndist æsispennandi.**

### Upplýsingaflæðið mikilvægt

Þrátt fyrir gleðiríka stemningu er tekið faglega á þeim ákvörðunum sem varða viðhald og uppbyggingu blokkarinnar. „Við fundum reglulega og höfum unnið að því í fjölmörg ár að koma blokkinni í það stand sem við erum ánægð með. Fyrir níu árum fengum við ástandsskýrslu á blokkinni og útbjuggum plan út frá henni. Það plan hefur haldið nokkuð vel og hefur verið unnið á þeim hraða sem íbúar ráða við. Þeir íbúar sem hafa komið inn á leiðinni fá einnig að vita hvað er búið að gera, hvað á eftir að gera og hver áætlunin sé á því,“ segir Georg. Hann telur upplýsingaflæði skipta miklu til að halda andanum góðum. „Við höldum frekar fleiri fundi en færri og ræðum málin í þaula. Þá höldum við úti Facebook-síðu fyrir íbúa þar sem gott er að koma upplýsingum hratt og örugglega á framfæri.“


Georg fyrir utan Eskihlíð 10 og 10a. Mæting á húsfundi er 80 til 90% enda ríkir gleði og gaman. MYND/VILHELM

### Huga að framtíðinni

Næsta verkefni húsfélagsins er að endurnýja bílaplanið. „Upphaflega átti bara að endurmalbika en síðan spruttu upp umræður um framtíðina, til dæmis í rafbílavæðingu en það er afskaplega takmarkandi að búa í blokk þegar kaupa á bíl sem þarf að stinga í samband,“ segir Georg.

Niðurstaðan var því að hugsa til framtíðar og gera ráð fyrir rafmagni í bílaplaninu sem síðar verði hægt að útbúa hleðslustöðvar við. Georg telur að Reykjavíkurborg ætti að gefa út leiðbeinandi fyrirmæli um það hvernig standa ætti að því í gömlum húsum að endurnýja bílaplön.

### Húsfélag barnanna

Ekki aðeins þeir fullorðnu í blokkinni hafa áhuga á húsfélagsmálum. „Á vinnudeginum í fyrra hópuðust börnin í blokkinni saman og spurðu af hverju þau mættu ekki vera með á húsfundum. Við reyndum að telja þeim trú um að fundir væru ekki svo skemmtilegir. En þá sögðu þau að foreldrar þeirra rifust um það hvort þeirra fengi að fara á húsfundi og því hlyti eitthvað skemmtilegt að vera að gerast. Þau fengu því þá snilldarhugmynd um að stofna eigið barnahúsfélag,“ segir Georg. Börnin héldu fund og settu sér markmiðaskrá. „Markmið þeirra er að hafa gaman og taka vel á móti nýjum börnum í húsinu, og það hafa þau staðið við.“

Framundan hjá húsfélagi barnanna er byggja kofa í garðinum en til þess fengu þau styrk hjá Barnamenningarhátíð. Þá munu þau taka þátt í hátíðinni með því að vera með opinn dag og hátíð í garði blokkarinnar að Eskihlíð 10 þann 29. apríl næstkomandi.

# Lausnir fyrir allar sameignir

**Eftir sameiningu Parka og Teppabúðarinnar/Litavers varð til öflug og stærri sérverslun sem þjónar enn betur sameignum fjölbýlishúsa og fyrirtækja. Með einu símtali er hægt að fá alla þjónustu á einum stað.**

Við sameiningu Parka og Teppabúðarinnar/Litavers um mitt síðasta ár varð til stærri og betri sérverslun undir nafni Parka sem er til húsa við Dalveg 10-14 í Kópavogi. Þar býðst einstaklingum, húsfélögum og fyrirtækjum fjölbreytt úrval gæðavara sem m.a. tengjast sameignum. Reyndir starfsmenn fyrirtækisins veita fagmannlega þjónustu og hver viðskiptavinur fær þann tíma sem hann þarf með starfsmönnum.

Að sögn Brams Zomers, deildarstjóra Teppadeildar, er Teppabúðin/Litaver leiðandi í sölu á teppum, dúkum og fleiri og tengdum vörum á meðan Parki býður upp á öll helstu gólfefni, kerfisloft, alhliða innréttingar, innihurðir og veggefni ásamt því að bjóða upp á stakar vandaðar mottur undir merkjum Persíu. „Ný og betri verslun mun því m.a. bjóða upp á úrval teppa, flísa, parkets og eldvarnarhurða fyrir sameignir fjölbýlishúsa og fyrirtækja. Úrvalið er því miklu betra en áður og þjónustan um leið mun betri, sérhæfðari og hraðari.“

> **„Forsvarsmenn húsfélaga geta haft samband og fengið tilboð í öll þau verk sem snúa að vörum okkar.**

Nú er því hægt að hringja í eitt númer og fá alla þjónustu á einum stað fyrir sameignina útskýrir Bram. „Forsvarsmenn húsfélaga geta haft samband og fengið tilboð í öll þau verk sem snúa að okkar vörum, sér að kostnaðarlausu. Við sendum sérfræðinga okkar á staðinn sem taka út rýmið og gera tilboð í þau verk sem eiga við. Þar erum við helst að tala um tilboð í teppi og vinnu sem tengjast þeim og öðrum gólfefnum. Einnig má nefna málningarvinnu en þá koma málarameistarar okkar á sama tíma og taka út sinn hluta því húsfélög nota gjarnan tækifærið og mála sameignina í leiðinni. Við gerum því tilboð, tökum gamla gólfefnið af, málarameistarinn málar stigaganginn og svo setjum við nýju gólfefnin á sameignina. Þannig dugar eitt símtal til að endurnýja allt saman.“

### Mismunandi óskir

Vinsælasta teppið sem er í sölu hjá Parka hefur verið selt hér á landi síðan 1968 enda mikil gæðavara. „Um er að ræða danska vörumerkið Ege. Teppin eru ofnæmisprófuð, óhreinindavarin og auðveld í þrifum. Einnig eru þau með áföstu undirlagi þannig að þau taka mestu högghljóðin þegar t.d. er hlaupið upp og niður stigann. Teppin eru algjörlega umhverfisvæn og lyktarlaus og því óskateppi hverrar sameignar. Þau koma líka í 36 litum svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.“

Margir kjósa flísalögð anddyri í sameignum og þvotthúsum og býður Parki upp á gott úrval flísa og trausta flísalagnamenn. „Óskirnar eru mismunandi en við höfum lausnir fyrir alla, líka þá sem vilja blanda saman teppi og flísum.“

Hús í eldri hverfum uppfylla oft ekki nýja staðla varðandi eldvarnir í hurðum. Parki selur eldvarnarhurðir sem uppfylla þau skilyrði en þær eru einnig mun betur hljóðeinangrandi en eldri hurðir að sögn Bram. „Teymið okkar skiptir út gömlu hurðunum fyrir nýjar en mörg húsfélög nýta þá þjónustu samhliða lögn á nýju teppi og flísum ásamt því að mála stigaganginn.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.parki.is. Glæsilegur sýningarsalur fyrirtækisins er við Dalveg 10-14 í Kópavogi.



**Vinsælasta teppið hjá Parka er danska gæðamerkið Ege. Teppin koma í 36 litum.**



**Ný og betri verslun mun bjóða upp á betri vörur og hraðari þjónustu að sögn Brams Zomers, deildarstjóra hjá Parka.** MYNDIR/ERNIR





Stigahúsateppin okkar eru slitsterk, ofnæmisprófuð og auðveld í þrifum. Gerum verðtilboð að kostnaðarlausu. Komdu og sjáðu úrvalið. Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Parki INTERIORS

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570

# Gólfteppi bæta hljóðvist

**Álfaborg er sérhæfð gólfefnavöruverslun. Þar fæst allt á gólfið á einum stað. Algengt er að setja gólfteppi á sameignir. Starfsmenn Álfaborgar hafa áratuga reynslu af þeim og vita upp á hár hvað hæfir hverjum stað.**

Gólfefnavöruverslunin Álfaborg hefur verið starfrækt í þrjátíu ár. Þar er boðið upp á flísar, parket, teppi og gólfdúka ásamt öllu efni til lagningar. „Upphaflega vorum við aðallega í flísum en höfum nú selt teppi í yfir tuttugu ár. Árið 2007 keypti Álfaborg Teppaland ehf. en þá fylgdu margir góðir erlendir birgjar sem styrktu stöðu okkar til muna. Úrvalið jókst og fjölbreytnin hvað varðar liti og gæði sömuleiðis,“ segir Skafti Stefánsson, söluráðgjafi hjá Álfaborg.

Í dag býður Álfaborg upp á fjölbreytt úrval teppa í mismunandi verðflokkum fyrir fyrirtæki, húsfélög, heimili og verktaka. „Við kappkostum að veita framúrskarandi góða þjónustu sem felst meðal annars í því að við mælum fyrir teppunum og gerum fast tilboð. Við bjóðum jafnframt upp á það að taka gömlu teppin af og farga þeim til Sorpu. Það eina sem viðskiptavinir þurfa að gera er að taka afstöðu til litar og gerðar. Við sjáum um rest,“ segir Skafti. Hann segir Álfaborg auk þess búa að því að vera með góða menn í vinnu sem skila góðu verki.



Skapti Stefánsson, söluráðgjafi hjá Álfaborg.

Að sögn Skafta þurfa teppi á stigaganga að vera slitsterk og endingargóð. Hann segir öll teppi sem Álfaborg býður upp á uppfylla þar til gerða staðla, þar með talið brunastaðla. Þau eru auk þess öll auðveld í þrifum og afrafmögnuð.

En af hverju kjósa menn teppi á stigaganga? „Helsti kosturinn er að þau gefa mun betri hljóðvist en flest önnur gólfefni,“ segir Skafti en að hans mati er fólk orðið mun meðvitaðra um kosti góðrar hljóðvistar og þá sérstaklega í fjölbýlishúsum. Aðspurður segir hann dökkgráa litinn hvað vinsælastan en teppin fáist þó í alls kyns litum og blæbrigðum.

Skafti segir endingu teppanna misjafna. „Hún fer eftir gæðaflokkum, teppagerð, notkun og samsetningu íbúa. Þess má til dæmis geta að við höfum lengi verið að selja teppi frá danska framleiðandanum Fletco. Sum voru sett á fyrir hátt í þrjátíu árum og eru enn í notkun.“

> **Helsti kosturinn við gólfteppi er að þau gefa mun betri hljóðvist en flest önnur gólfefni.**
>
> Skapti Stefánsson

Allar nánari upplýsingar er að finna á alfaborg.is.




# Tillitssemi í hávegum höfð

Stjórn húsfélags skal samkvæmt 74. grein laga um fjöleignarhús semja og leggja fyrir húsfund til samþykktar húsreglur um hagnýtingu sameignar og séreignar. Reglurnar skulu hafa að geyma sem ítarlegust ákvæði um sambýlishætti, umgengni og afnot sameignar og skiptingu afnota ef því er að skipta.

*Í húsreglum fjölbýlishúsa skal meðal annars fjalla um neðangreind atriði:*

1. Umgengni um sameign og um afnot hennar og hagnýtingu.
2. Bann við röskun á svefnfriði í húsinu a.m.k. frá miðnætti til kl. 7 að morgni og undanþágur frá því banni.
3. Skiptingu afnota sameiginlegs þvottahúss.
4. Hvernig þrifum sameignar og umhirðu lóðar skuli háttað og hverjar séu skyldur eigenda í því efni.
5. Reglur um hunda- og/eða kattahald sé það leyft, sbr. 13. tölul. A-liðar 41. gr.
6. Reglur um afnot sameiginlegra bílastæða.
7. Reglur um hagnýtingu séreigna að því marki sem unnt er. 12. gr.



Húsreglur lúta meðal annars að röskun á svefnfriði og umhirðu lóðar.



# Húsfélag
## þarf að vera í hverju fjölbýli

Húsfélag er nauðsynlegt í fjöleignarhúsi. Sameiginlegum málum húseigenda þarf að ráða í félagi, samkvæmt því sem Sigurður Helgi Guðjónssyni, formaður Húseigendafélagsins, segir.



Æðsta valdið í málefnum húsfélags er í höndum húsfunda sem eru tvenns konar: aðalfundir sem halda skal einu sinni á ári og almennir fundir. Enginn getur sagt sig úr húsfélagi nema með því að selja eign sína.

Húsfélag þarf ekki að stofna formlega, þau eru til í sérhverju fjöleignarhúsi og ekki er þörf á eiginlegum stofnfundi. Eigendur bera sameiginlega og hver fyrir sig ábyrgð á því að húsfélag gegni hlutverki sínu og starfi lögum samkvæmt. Þess vegna er talið að sérhver eigandi geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að blása lífi í óvirkt húsfélag, þar á meðal að boða til húsfundar. Hlutverk húsfélaga er fyrst og fremst að annast varðveislu, viðhald, endurbætur og rekstur sameignarinnar þannig að hún fái sem best þjónað þörfum eigenda og hagnýting bæði séreigna og sameignar sé með þeim hætti að verðgildi eigna haldist.

### Meirihlutinn ræður

Í húsfélögum hefur meirihlutinn mikið vald sem honum ber að fara vel með og virða rétt minnihlutans. Það er forsenda fyrir því að húsfélag geti starfað með réttum hætti að gætt sé lýðræðislegra gilda og aðferða við ákvarðanatöku.

Æðsta valdið í málefnum húsfélags er í höndum húsfunda sem eru tvenns konar: aðalfundir sem halda skal einu sinni á ári og almennir fundir. Það er grundvallarregla að ákvarðanir um sameiginleg málefni skuli taka á húsfundi eftir að öll sjónarmið og rök hafa komið fram. Fundi verður að boða skriflega með lögákveðnum fyrirvara og fundarefni verður að tilgreina rækilega. Sé þess ekki gætt getur fundur verið ólögmætur og ákvarðanir hans óskuldbindandi. Meginreglan er sú að einfaldur meirihluti á húsfundi geti tekið ákvarðanir.

### Dýrar lagfæringar

Einfaldur meirihluti miðað við hlutfallstölur getur sem sagt tekið ákvarðanir um venjulegar viðgerðir og viðhald og minniháttar endurnýjanir og endurbætur. Hins vegar er krafist aukins meirihluta, þ.e. $2/3$ hluta bæði miðað við fjölda og eignarhluta, til að taka ákvarðanir um óvenjulegar og meiriháttar endurbætur. Vald húsfélags takmarkast svo af því, að einstakir íbúðareigendur verða ekki þvingaðir til að taka þátt í kostnaði við framkvæmdir, búnað og tilfæringar, sem fela í sér grundvallarbreytingar á sameign eða eru óvenjulegar, óhóflegar og dýrar. Þarf samþykki allra þegar um slíkt er að tefla. Mörkin milli þessara þriggja flokka eru ekki alltaf glögg og verður til margs að líta, svo sem kostnaðar, húsagerðar, aldurs og ástands, umfangs, óþæginda, ábata, gagnsemi, verðmætaauka, útlitsbreytinga og hvað tíðkast í sambærilegum húsum. Húsfélag hefur talsvert svigrúm til að velja á milli mismunandi kosta, lausna eða leiða.

### Sameiginlegt rými

Þegar fjöleignarhús skiptist í einingar, til dæmis stigahús, ráða viðkomandi eigendur sameiginlegum innri málefnum og bera einir kostnaðinn. Það byggist á því að hinir eigendurnir hafa þar hvorki afnot né aðgang. Þannig er húsrými og annað inni í einstökum stigahúsum fjöleignarhúsa í sameign eigenda þar og öðrum eigendum óviðkomandi Þá er um svonefnda „sameign sumra að ræða“. Þá ráða viðkomandi eigendur málum sínum innan vébanda húsfélagsdeildar sem getur ýmist verið sjálfstæð eða starfað innan heildarhúsfélagsins.

Í fjöleignarhúsum skal vera stjórn, kjörin á aðalfundi en þó ekki skylt að hafa sérstaka stjórn í smærri húsum. Stjórn getur tekið ákvarðanir sem lúta að venjulegum daglegum rekstri og hagsmunagæslu.

*Greinin var unnin í samvinnu við Húseigendafélagið.*


**Yfir 800 húsfélög á Íslandi eru meðlimir í Húseigendafélaginu. Í heildina eru um 10.000 fasteignaeigendur skráðir í félagið.**

# Húseigendafélagið





**Starfsemi Húseigendafélagsins er þríþætt:**
**Almenn hagsmunagæsla ▪ Fræðlu- og upplýsingamiðlun ▪ Lögfræðiþjónusta**

### Hver er hagurinn af félagsaðild?
Félagsaðild er forsenda fyrir þjónustu félagsins. Það eru félagsmenn sem standa undir starfsemi þess að öllu leyti. Félagið nýtur engra styrkja og stendur alfarið á eigin fótum. Húseigendafélagið rekur sérhæfða lögfræðiþjónustu sem hefur verið þungamiðjan í starfsemi félagsins síðustu áratugi. Býr félagið yfir mikilli og sérhæfðri þekkingu og reynslu í fasteignalögfræði, ekki síst í málum fjöleignarhúsa og húsfélaga. Með félagsaðild öðlast einstaklingar og húsfélög aðgang að þekkingarbanka félagsins, sérhæfðri lögfræðiþjónustu og húsfundarþjónustu. Slíkar upplýsingar og þjónustu er hvergi annars staðar að fá.

### Frjálst og óháð
Húseigendafélagið hefur starfað óslitið í 94 ár og er óháð og nýtur engra styrkja. Bæði einstaklingar og húsfélög geta sótt um félagsaðild.

### Lögfræðiþjónusta
Húseigendafélagið veitir sérhæfða lögfræðiþjónustu í málum sem varða fasteignir og eigendur þeirra.

### Húsfundarþjónusta
Húseigendafélagið veitir lögfræðilega aðstoð við húsfundi. Fundaststjórn og ritun fundagerða er í höndum sérfróðra lögfræðinga sem tryggja lögmæta fundi og fyrirbyggir skakkaföll.

### Húsaleiguþjónusta
Útleiga húsnæðis getur verið áhættusöm. Húseigendafélagið veitir ráðgjöf og aðstoð við gerð leigusamninga. Við vanskil og vanefndir veitir félagið lögfræðiaðstoð.





### Réttarbætur
Húseigendafélagið hefur stuðlað að miklum réttarbótum öllum húseiendum til hags og heilla. Má nefna lög um fjöleignarhús, húsaleigu og fasteignakaup.

### Heimasíðan – Greinar
Á heimasíðu Húseigendafélagsins er fjöldi greina um lagaleg efni sem varða fasteignir sem félagsmenn geta nálgast án endurgjalds.
Slóðin er: www.huso.is

### Félagsgjaldið
Félagsgjald einstaklina er kr. 5.500.- en kr. 3.500 fyrir hverja íbúð í húsfélagi.

**Húseigendafélagið** STOFNAÐ - 1923

Síðumúla 29 • 108 Rvk • Sími 588 9567 • postur@huso.is



## Velta á markaði

Fjöldi þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu 10. mars til og með 16. mars 2017 var 148. Þar af voru 109 samningar um eignir í fjölbýli, 29 samningar um sérbýli og 10 samningar um annars konar eignir en íbúðarhúsnæði. Heildarveltan var 6.413 milljónir króna og meðalupphæð á samning 43,3 milljónir króna, að því er segir á heimasíðu Þjóðskrár Íslands.

Á sama tíma var 20 kaupsamningum þinglýst á Akureyri. Þar af voru 10 samningar um eignir í fjölbýli, 9 samningar um sérbýli og 1 samningur um annars konar eign en íbúðarhúsnæði. Heildarveltan var 630 milljónir króna og meðalupphæð á samning 31,5 milljónir króna.

Vakin er athygli á að meðalupphæð kaupsamnings er ekki hægt að túlka sem meðalverð eigna og þar með sem vísbendingu um verðþróun. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu var 537,7 stig í febrúar 2017 (janúar 1994-100) og hækkaði um 2,5% frá fyrri mánuði. Síðastliðna 3 mánuði hækkaði vísitalan um 5,8%, síðastliðna 6 mánuði hækkaði hún um 9,7% og síðastliðna 12 mánuði hækkaði hún um 18,6%. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu sýnir breytingar á vegnu meðaltali fermetraverðs.



## Frystigeymslur í eldri húsum

Þegar rætt er um sameignir fjölbýlishúsa er stigagangur, þvottahús og geymslur það sem vafalaust kemur fyrst upp í huga fólks. Ýmislegt fleira fellur þó undir sameign og má þar nefna stórar frystigeymslur sem eru reyndar mjög sjaldgæfar hér á landi og finnast ekki í nýjum fjölbýlishúsum. Fáeinar mjög stórar blokkir á höfuðborgarsvæðinu hafa sameiginlega frystigeymslu sem minnir um margt á frystigeymslu skipa. Eina slíka má finna í Hólahverfinu í Breiðholti en í þeirri blokk eru 58 íbúðir. Frystigeymslan er um sjö fermetrar en þar inni hefur hver íbúi aðgang að hólfi sem er um 50x50 cm að stærð. Frystiklefinn var barn síns tíma enda stórar frystikistur ekki algengar í smærri blokkaríbúðum á þessum tíma. Á næstu árum jókst frystikistueign landsmanna og stórir frystiklefar á borð við þann sem er í Hólahverfinu heyra nú að mestu sögunni til.

## Sameignin selur líka

Margir hafa búið í blokk einhvern tímann á lífsleiðinni. Blokkaríbúðir eru vinsælar sem fyrstu kaup unga fólksins og einnig á meðal eldra fólks sem vill minnka við sig.

Hvort sem þú ert að selja eða kaupa íbúð í blokk er gott að hafa í huga að sameignin hefur líka áhrif á væntanlega kaupendur. Þess vegna er mikilvægt að halda sameigninni í góðu lagi.

Passa þarf að inngangurinn í húsið sé hreinn og snyrtilegur og laus við allt rusl. Sömuleiðis ætti stigagangurinn að vera vel hirtur, sama hvort um er að ræða nýtt eða eldra húsnæði. Lofta þarf út daglega til að matarlykt eða óþefur setjist ekki í teppi á sameign.

Ef það eru lyftur í húsinu eiga þær að vera vel þrifnar og í toppstandi. Ruslageymslur þarf að þrífa reglulega og passa upp á að ruslið flæði ekki um allt. Þá er ekki síður nauðsynlegt að gæta þess að umhverfi blokkarinnar sé í lagi, sópa stéttina reglulega, halda blómabeðum og grasflöt í lagi og tína upp rusl, ef eitthvað er.



Sameignin þarf að vera snyrtileg og vel við haldið.






Kvöldverður í breska sendiráðinu í París. Hér klæðist hún fallegum síðkjól frá Jenny Packman. Þetta var þriðji klæðnaður hennar þennan dag.



Hjónin fóru á rugby-leik á milli Wales og Frakklands á laugardaginn. Katrín klæddist fallegri rauðri kápu frá Carolina Herrera. Svona kápa kostar 163 þúsund krónur.

# Katrín var glæsileg í París

Katrín hertogaynja og eiginmaður hennar, Vilhjálmur prins, fóru í opinbera heimsókn til Parísar um síðustu helgi. Þau vekja athygli hvar sem þau koma.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Það er nánast sama hverju Katrín klæðist. Slíkur fatnaður selst upp um leið og hún sést í honum. Þess vegna fylgja ljósmyndarar henni hvert sem hún fer. Katrín, sem varð 35 ára í janúar, ber sig vel og klæðist eingöngu fatnaði eftir þekkta hönnuði. Áður en þau hjónin héldu til Parísar á föstudag fagnaði hún degi heilags Patreks í London og það olli vonbrigðum hjá tískulöggum að hún var í sömu kápunni þar og við komuna til Parísar. Það er kápa sem hönnuð er af Catherine Walker.

Seinni part föstudagsins heimsóttu hjónin breska sendiherranum í Frakklandi, Edward Llewellyn, en við það tækifæri klæddist Katrín, svörtum kjól frá Alexander McQueen. Í kvöldverðarboði þetta sama kvöld var hún komin í glæsilegan, gráan glitrandi kjól frá breska hönnuðinum Jenny Packman. Á meðal gesta í veislunni var Hollywood-leikkonan Kristin Scott Thomas, Audrey Tautou sem er þekktust fyrir leik sinn í kvikmyndinni Amélie og Jean Reno en hann hefur leikið í fjölmörgum kvikmyndum, bæði í Frakklandi og Bandaríkjunum, meðal annars French Kiss þar sem hann lék rannsóknarlögreglumann.

Þess má geta að 31. ágúst næstkomandi eru tuttugu ár frá því að Diana prinsessa lést í umferðarslysi í París.

Þetta voru tveir annasamir dagir hjá hjónunum en samkvæmt Twitter var heimsóknin til Parísar ákaflega ánægjuleg.



Hjónin í opinberri heimsókn í París. Katrín er í Chanel-kjól.



Hér er hugsað fyrir öllum smáatriðum. Belti frá franska tískuhúsinu Chanel.



Og taskan að sjálfsögðu líka.



Katrín á leið til forseta Frakklands, François Hollande, í fallegri kápu sem hönnuð er af Catherine Walker.
NORDICPHOTOS/GETTY

Louna = ítalskar

Þessar vinsælu buxur eru komnar aftur.



Verð 11.900 kr.

- 2 litir: svart og beige.
- stærð S - 3XL (36 - 46)
- þröngt snið
- skálmar beinar niður

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook




S.MARLON
20% afsláttur
23. - 25. mars

SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

BRAUT BÍLASALA



HYUNDAI Ix35 gls. Árgerð 2012, ekinn 105 Þ.KM bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.990.000. Rnr.103376. Braut Bílasala mikil sala stæði á plani skráið bílinn hjá okkur verið velkomin

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

### Bílar til sölu



Toyota Rav4 2006 til sölu! sjálfskiptur og skráður í apríl, ek. 157.500 km. Einn eigandi. Bílnum fylgir þjónustubók og hefur alltaf verið reglulega smurður. Dráttarkrókur. Nýleg dekk og bremsur nýlega yfirfarnar. Skoðaður 2018 Bein sala. Verð 1.400.000 kr. Uppl. í s. 698-4464



Toyota Corolla 07', keyrður 117 þús. Skoðaður '17. Verð 1,2 millj. S: 8495245

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069

### Garðyrkja

**HELLUR OG LÓÐALÖGUN**
Getum bætt við okkur verkum í hellulögnum og hleðslum. Sími 823-7170.

Felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

### Bókhald

**FRAMTAL 2017**
Framtöl einstaklinga, verktaka og rekstraraðila.
Góð og traust þjónusta.
Vönduð vinna.
FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19.
Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Málarar

Málarameistari getur bætt við sig inni og úti verkefnum Upp. s. 821 1333 Verkfar ehf

## Keypt & Selt

### Til sölu




**STUBBASTANDAR - STUBBAHÓLKAR**
Frístandandi eða á vegg. S: 842-2535

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# NÝIR
# NISSAN LEAF TEKNA+

## 30 KWH RAFHLAÐA MEÐ 250 KM DRÆGNI

EVRÓPUBÍLAR Í ÁBYRGÐ



**BÍLAR MEÐ ÖLLUM HUGSANLEGUM AUKABÚNAÐI ÞAR Á MEÐAL:**

- ✓ 360 gráðu myndavélakerfi
- ✓ Bose hljóðkerfi
- ✓ Sólarsella
- ✓ Leðursæti
- ✓ ... og öll önnur hugsanleg þægindi

KOMIÐ OG REYNSLUAKIÐ - BÍLAR Á STAÐNUM

VERÐ KR.
**3.880**
ÞÚSUND

**90% lánamöguleikar**

**586 1414**
stora@stora · www.stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

# Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ Í BREIÐHOLTI**
Starfskraftur óskast í bakarí virka daga 13-18:30 og aðra hvora helgi. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára. Þarf að geta hafið störf 1. maí.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**ÞRIF OG AÐSTOÐ Í BAKARÍ**
Röskur, stundvís og heilsuhraustur starfskraftur óskast til vinnu við þrif og aðstoð í bakaríi og önnur tilfallandi störf í Kópavogi. Vinnutími alla virka daga frá kl. 9-17 Þarf að hafa bílpróf.
**Áhugasamir sendi umsókn og/ eða ferilskrá á: kokuhornid@kokuhornid.is**

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 07:00-13:00 eða 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/**

Skátafélagið Hraunbúar óska eftir yfirleiðbeinanda fyrir útvistarskóla sem er starfræktur yfir sumartímann. Umsóknir sendist á starf@hraunbuar.is fyrir 30.mars

## Atvinna óskast

**BAKARAR**
Erum með klára bakara sem geta hafið störf innan skamms. Handafl Starfsmannaveita S: 777-2-333

**UPPSLÁTTASMIÐIR - SMIÐIR**
Erum með klára uppsláttasmiði og smiði sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**KRANAMENN - TÆKJAMENN**
Erum með klára kranamenn og tækjamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**VERKAMENN**
Erum með klára verkamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**BIFVÉLAVIRKJAR - MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR**
Erum með klára bifvélavirkja og meiraprófsbílstjóra sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

## Viðskiptatækifæri

**TIL SÖLU LÍTIL BÍLALEIGA**
Tvær heimasíður - tvöföld markaðssetning. Bara rekstur - engir bílar fylgja. Góður stökkpallur inn á ört vaxandi markað. Auðveld kaup og gott tækifæri. V: 7,9 m. Uppl. í S: 770-0111



## Enska í Englandi fyrir unglinga

**Umsögn móður**
Get mælt 100% með þessum skóla, dóttir mín og vinkonur hennar fóru í þennan enskuskóla, og þeim fannst þetta frábært. Þær lærðu helling og langar aftur, það er mjög vel að þessu staðið á allan fátt og ekki skemmir hvað það er fallegt þarna.

- Tvær kennsluvikur í Kent School of English. Verð 230 þús. allt innif.
- Íslenskir hópstjórar með í för allan tímann
- Skráning í síma 891 7576 og erlaara@enskafyriralla.is

**Nánari upplýsingar á**
www.enskafyriralla.is

ENSKA FYRIR ALLA

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

Vissir þú að... börn eiga rétt á að leika sér

Barnaheill Save the Children á Íslandi

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

**HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI**
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Er vandamál með neysluvatnið?**
Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR
Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**EYJALIND** GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**vélastilling**
Auðbrekku 19 - 200 Kópavogi - Sími 554 3140 - velastilling@simnet.is
Alhliða bílaverkstæði

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist Parketlagnir og viðhald

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Auglýsing um skipulagsmál í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem nær til ofangreindra sveitarfélaga:**
**Hvammsvirkjun, deiliskipulag virkjunar í Þjórsá.**
Áður en sveitastjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps taka tillögu að deiliskipulagi Hvammsvirkjunar til afgreiðslu er hún hér kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Framkvæmdasvæði Hvamm¬svirkjunar er í báðum sveitarfélögunum. Stöðvarmannvirki verða í landi Hvamms í Rangárþingi ytra, en stíflumannvirki og lón munu taka yfir land í ofanverðri Landsveit og í Skeiða- og Gnúp-verjahreppi.

Deiliskipulagstillagan liggur frammi til kynningar á skrifstofum skipulagsfulltrúa sveitarfélaganna frá 23. til 31. mars 2017 auk þess sem hana má nálgast rafrænt á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is, og á heimasíðu skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps www.sbf.is. Þá verður haldið opið hús í félagsheimilinu Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fimmtudaginn 30. mars frá kl. 16 til 20 þar sem tillagan verður kynnt og verða fulltrúar frá Landsvirkjun og skipulagsráðgjafar á staðnum til að svara fyrirspurnum.

***Pétur Ingi Haraldsson***
***Skipulagsfulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps***

***Haraldur Birgir Haraldsson***
***Skipulagsfulltrúi Rangárþings Ytra***

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki úr þróunarfjárframlagi til hrossaræktar

Markmið styrkveitinganna er að efla markaðssókn og ræktun íslenska hestsins.

**Styrkhæf eru hvers konar verkefni er lúta að:**
a) Kynbótum hrossa, fóðrun þeirra eða meðferð.
b) Tamningum og þjálfun hrossa sem stuðla að auknum árangri og ávinningi.
c) Markaðs-, kynningar- og nýsköpunarstarfi.

Lögð er megin áhersla á að styrkja átaks- og nýsköpunarverkefni sem geta orðið sjálfbær eftir að þróunartímabili þeirra lýkur, útgáfu- og kynningarstarfsemi og hagnýtar rannsóknir. Sjóðurinn hefur til ráðstöfunar 5,6 milljónir króna.

Í umsóknum skal gerð skýr grein fyrir verkefninu sem í hlut á, markmiði þess, framkvæmdaáætlun og ávinningi. Hverri umsókn skal fylgja greinargóð kostnaðaráætlun. Ráðuneytið metur styrkhæfi umsókna og ákveður afgreiðslu þeirra.

Umsóknir skulu berast atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið postur@anr.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl 2017.**

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Hreinsson í síma 545 9700. Einnig má senda fyrirspurnir með tölvupósti á netfangið postur@anr.is.

STAKFELL FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



# FALLEG EIGN Í GÓÐU HVERFI

**FELLSMÚLI 4, 108 REYKJAVÍK** **40.9M**

Þriggja herbergja íbúð, 89,0 m², á á fyrstu hæð í Fellsmúla fjögur. Íbúðinni fylgir 11,4 m² íbúðarherbergi í kjallara hússins með aðgang að sameiginlegu baðherbergi og 6,2 m² geymsla. Samtals skráð séreign eignarinnar er 106,6 m².

Íbúðin er laus til afhendingar við undirritun kaupsamnings.



OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 23. MARS FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00

*Nánari upplýsingar um eignina veitir*
*Böðvar Sigurbjörnsson, lögfræðingur*
*Sími: 660 4777.*

STRÁ



**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

***Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.***

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.



# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulag:**

1. Endurskoðun Aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur hafið vinnu við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins og hafa þegar verið haldnir fjölmargir fundir með ýmsum hagsmunaaðila á svæðinu undanfarna mánuði auk opins íbúafundar sem haldinn var í maí 2016. Lýsing skipulagsverkefnisins hefur þó ekki verið formlega kynnt fyrr en með þessari auglýsingu. Í lýsingunni er gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum aðalskipulagsins og áherslum sveitarstjórnar auk upplýsinga um ferli vinnunnar. Gert er ráð fyrir að vinna við aðalskipulagið verði í gangi fram eftir árinu 2017 og mun íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefast nokkur tækifæri til að koma upplýsingum og sjónarmiðum á framfæri.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

2. Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 vegna Hvammsvirkjunar. Afmörkun lónstæðis.

Árið 2011 var staðfest breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem gert var ráð fyrir Hvammsvirkjun. Fólst breytingin m.a. í afmörkun Hagalóns auk breyttrar legu Þjórsárdalsvegar. Á skipulagsuppdrættinum láðist þó að gera ráð fyrir færslu austasta hluta Gnúpverjavegar og afmörkun um 10 ha totu Hagalóns sem liggur ofan Þjórsárdalsvegar. Er hér kynnt breyting á aðalskipulagi þar sem þetta er lagfært, þ.e. veginum breytt og lónið afmarkað ofan Þjórsárdalsvegar.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**

3. Deiliskipulag 6 smábýlalóða úr landi Litla-Fljóts í Bláskógabyggð.

Lögð fram til kynningar lýsing deiliskipulags fyrir 6 lögbýlislóðir úr landi Litla-Fljóts lnr. 167148. Skipulagssvæðið er 15,5 ha að stærð og liggur upp að landi Brautarhóls, norðan þéttbýlisins í Reykholti. Gert er ráð fyrir að lóðirnar tengist þjóðvegi um nýja vegtengingu austan núverandi tengingar að Litla-Fljóti.

**4. Deiliskipulag fyrir þéttbýlið Reykholt í Bláskógabyggð.**

Lögð fram til kynningar lýsing deiliskipulags fyrir þéttbýlið Reykholt í Bláskógabyggð. Helstu markmið deiliskipulagsvinnunnar er:

- að skipulagðar verði fjölbreyttar íbúðarlóðir sem nýtast til uppbyggingar næstu árin.
- að gert verði ráð fyrir fjölbreyttum stærðum íbúða og að íbúðarsvæði séu í góðum tengslum við skóla, íþróttasvæði og verslun- og þjónustu.
- að skapa möguleika á þróun og vexti núverandi og nýrrar landbúnaðar-, þjónustu-, iðnaðar- og athafnastarfsemi.
- að tryggja gott aðgengi gangandi og hjólandi að skólasvæðinu og almenna útivistarmöguleika fyrir íbúa og gesti.
- að bæta öryggi vegfarenda með endurskoðun á umferðarflæði og bílastæðum.
- að allar lóðir verði hnitsettar og settir skilmálar fyrir þær.

Til að kynna deiliskipulagsvinnuna verður haldinn kynningarfundur í félagsheimilinu Aratungu mánudaginn 3. apríl frá kl. 16 til 19. Eru íbúar og aðrir hagsmunaaðilar hvattir til að mæta og kynna sér þá vinnu sem er í gangi og koma á framfæri athugasemdum og ábendingum.

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

**5. Deiliskipulag fyrir Stöng og Gjána í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Lögð fram til kynningar tillaga að deliskipulagi sem nær til Minjastaðarins Stangar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og til svæðis við Gjána sem er aðeins austar. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að útbúa ramma yfir framkvæmdir sem nauðsynlegt er að fara í til að bæta aðstöðu vegna aukins álags ferðamanna.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

**6. Breyting á deiliskipulagi Hraunhóla í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ný 4 ha lóð fyrir íbúðarhús.**

Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hraunhóla sem felst í að skipulagssvæði er stækkað til austurs og gert ráð fyrir nýrri 4 ha lóð þar sem byggja má allt að 400 fm einbýlishús sem hýsa mun starfsfólk Skaftholts.

**7. Deiliskipulag hótellóðar á Nesjavöllum í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til lóðar ION hótels á Nesjavöllum með lnr. 209139. Fyrirhugað er að byggja við núverandi hótel og bæta við um 22 herbergjum þannig að þau verði um 64 talsins. Núverandi hótel er um 2.300 fm að stærð en með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að heildarbyggingarmagn verði allt að 3.830 fm.

**8. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Minni-Mástungu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Minni-Mástungu. Í breytingunni felst að lóð núverandi hótels er breytt til samræmis við raunverulega afmörkun og stærð auk þess sem tvær frístundshúsalóðir falla út og í staðinn gert ráð fyrri einni íbúðarhúsalóð.

**9. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Minni-Mástungu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 13 ha spildu úr landi Efri-Reykja austan Brúarár en vestan við gildandi deiliskipulag frístundabyggðar úr landi jarðarinnar. Í deiliskipulaginu felst að afmarkaðar eru þrjár frístundahúsalóðir merktar A1, B1 og C sem eru á bilinu 0,5 ha til um 2 ha að stærð.

**10. Deiliskipulag frístundabyggðar á spildu úr landi Kálfhóls í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi 5 frístundahúsalóða á um 7,1 ha spildu úr landi Kálfhóls vestan við bæjartorfu jarðarinnar. Lóðirnar eru á bilinu 6.571 til 28.855 fm að stærð og er gert ráð fyrir að byggingarmagn miðist við nýtingarhlutfallið 0.03. Á hverri lóð er gert ráð fyrir einu frístundahúsi og tveimur aukahúsum, sem geta verið allt að 40 fm að stærð.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.

Skipulagstillögur nr. 1-5 eru í kynningu frá 23. mars til 3. apríl en tillögur nr. 6-10 frá 23. mars til 5. maí 2017.
Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1-5 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 3. apríl en 5. naí 2017 fyrir tillögur nr. 6-10.
Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

*Pétur Ingi Haraldsson*
*Skipulagsfulltrúi*
*petur@utu.is*

---

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Sveitarfélagið Árborg óskar eftir Austurvegur 37 og Hörðuvellir 1 Selfossi – Skipulagslýsing og umferðagreining

Samkvæmt 1.mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að lýsingu deiliskipulags og umferðagreining fyrir lóðirnar Austurvegur 37 og Hörðuvellir 1 Selfossi.

Um er að ræða deiliskipulag á skipulagssvæði sem silgreint er sem miðsvæði.
Skipulagssvæðið afmarkast af Austurvegi til suðurs Hörðuvöllum til vesturs, Árvegi til norðus og lóðamörkum Austurvegar 37 og Hörðuvöllum 1 til austurs.

Á lóðinni Austurvegur 37 er fyrirhugað að reist verði Kirkja Kaþólskra á Íslandi auk áfastri byggingu safnaðarheimilis og prestbústaðar.
Á lóðinni Hörðuvellir 1 er gert ráð fyrir heimild til að bæta annari hæð ofan á einnar hæða byggingarhluta.

Skipulagslýsingin ásamt umferðagreiningunni liggur frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8-15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir 7. apríl 2017. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna og umferðagreininguna á heimasíðu Sveitarfélagsins, http://www.arborg.is

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingafulltrúi*

---

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing Um tillögu að deiliskipulagsbreytingu Hagalands á Selfossi.

Samkvæmt 1.mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi Hagalands á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

**Deiliskipulagsbreytingin felst í eftirfarandi;**

Innan reits C/D var gert ráð fyrir 37 einbýlishúsalóðum / íbúðum fyrir breytingu. Eftir breytingu er gert ráð fyrir blandaðri byggð í einbýlis- par- og raðhúsum, samtals 71 íbúð sem skiptist í : 23 íbúðir í einbýli, 36 íbúðir í parhúsum og 12 íbúðir í raðhúsum.
Á fremstu lóðunum sem standa næst Hagalæk mega hús vera allt að 2 hæðir en annars er um að ræða 1 hæðar hús.
Markmið með breytingunni er er að bregðast við vaxandi eftirspurn eftir parhúsalóðum fyrir meðalstórar íbúðir. Mjög lítil eftirspurn hefur verið eftir stórum einbýlishúsalóðum og því er ráðist í breytingu þessa.

Teikningar ásamt greinagerð (skilmálum), vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags og- byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með fimmtudeginum 23. mars 2017 til og með fimmtudeginum 4. maí 2017.
Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út **4. maí 2017** og skal þeim skilað skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67 , 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar **http://www.arborg.is** þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags og- byggingarfulltrúa í netfangið skipulag@arborg.is.

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingafulltrúi*



SAMSUNG

QLED TV

# Frumsýning á Íslandi




4K ULTRA HD CONNECTED

ULTRA HD™ PREMIUM

ULTRA HD

VDE Tested

ID. 40045577

## Næsta kynslóð sjónvarpstækja

SAMSUNG

SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

Samsung QLED is Quantum dot based TV

# Ísþjóðin í fimmta sinn

**Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni hefur göngu sína í fimmta sinn á sunnudagskvöld. Í þáttunum skyggnist hún inn í líf ungra Íslendinga sem takast á við krefjandi verkefni.**

„Það er alltaf skemmtilegt að taka upp Ísþjóðina og algjör forréttindi að fá að skyggnast inn í líf íslenskra eldhuga. Hugmyndin að þáttunum kviknaði þegar ég áttaði mig á því hversu stórkostleg unga kynslóðin okkar er. Við, þessi litla þjóð, eigum verðuga sendiboða í öllum heimsálfum sem eru að gera frábæra hluti,“ segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir fjölmiðlakona um Ísþjóðina sem hefur göngu sína í fimmta sinn á sunnudag.

Ragnhildur Steinunn hefur heimsótt fjölda áhugaverðra einstaklinga í þáttum sínum í gegn um tíðina. Meðal viðmælenda hafa verið þau Hera Hilmarsdóttir leikkona, Annie Mist, hraustasta kona heims, Gunnar Nelson bardagakappi og hljómsveitin Of Monsters and Men.

„Meðal viðmælenda í fimmtu seríunni eru Jökull Júlíusson, liðsmaður hljómsveitarinnar Kaleo, Ólafía Þórunn Kristinsdóttir atvinnukylfingur, Heiðar Logi Elíasson atvinnubrimbrettakappi og tónlistarkonan Glowie,“ segir Ragnhildur.

Þau Ragnhildur Steinunn og Eiríkur Ingi Böðvarsson vinna þættina saman en Ragnhildur segir þau leggja mikið upp úr því að þættirnir séu bæði áhugaverðir, fjölbreyttir og vandaðir.

„Við vinnum þetta bara tvö og gerum allt frá því að fullmóta handrit fyrir hvern þátt, taka upp og fljúga drónum



Ragnhildur Steinunn og Eiríkur Ingi vinna Ísfólksþættina saman. MYND/RAGNHILDUR

og klippa þættina. Það kemur fólki oft á óvart að við séum ekki margra manna teymi en mér finnst við ná betur til viðmælendanna á þennan hátt. Þetta verður persónulegra og ekki eins yfirþyrmandi fyrir fólk,“ útskýrir Ragnhildur og bætir við að hún sé ótrúlega lánsöm með samstarfsmann og segir að Eiríkur Ingi hefur einstakt lag á lokasamsetningu sjónvarpsþátta.

Í fyrsta þætti Ísþjóðarinnar ræðir Ragnhildur Steinunn við Jökul Júlíusson, leiðtoga hljómsveitarinnar Kaleo, en hann hefur verið á hraðri siglingu upp á stjörnuhimininn.

„Hljómsveitin er bókuð út árið og umboðsmaður sveitarinnar, Bruce Kalmick, segir í þættinum að hann hafi orðið fyrir nokkurs konar vakningu þegar hann heyrði tónlist sveitarinnar fyrst. Hann hafi ákveðið að fljúga strax til Íslands,“ segir Ragnhildur.

Bruce Kalmick hefur verið farsæll í starfi sínu í gegn um tíðina og er sannfærður um að hljómsveitin Kaleo eigi eftir að ná langt. „Ég vissi um leið að þetta yrði framtíð mín,“ segir Bruce meðal annars í fyrsta þætti Ísþjóðarinnar sem sýndur verður á RÚV á sunnudagskvöld. Hann hrósar Jökli í hástert í þættinum og segir að brátt muni heimurinn átta sig á því að hann sé einn færasti flautari heims.

„Rödd hans er marglaga. Hún getur verið mjög dimm, legið niðri í neðstu djúpum. Svo er hann einn besti flautari heims og það verður trúlega fljótt á allra vitorði. Röddin er ótrúleg og lögin ekki síður. Það fylgir ekki endilega, að vera með góða rödd og vera listamaður. Þeir eru fátíðir,“ segir Bruce og bætir við að lögin sem Jökull semji séu af gamla skólanum og minni á tónlist frá Bob Dylan, Van Morrison og Rolling Stones.

gudrunjona@frettabladid.is

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elvíra Herrera Ólafsson**

lést mánudaginn 20. mars í Fuengirola á Spáni.

**Þórir V. Þórisson** **Auður Dúadóttir**
**Sveinn Þórisson**
**Kristján Þórisson** **Svala Chomchuen**
**Ólafur Þorkell Þórisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma og langamma,

**Guðleif Erla Blöndal**

lést þann 10. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Einar Þór Jónsson**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Skúli Einarsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu þann 4. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum starfsfólkinu á Mánateigi einstaka alúð og umhyggju.

**Margrét Sigrún, Stefanía, Anna Linda, Guðrún, Einar, Skúli og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Ástkær móðir mín, amma okkar og langaamma,

**Lilja Gísladóttir**

lést fimmtudaginn 16. mars á hjúkrunarheimilinu Eir. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 27. mars kl. 13.00.

**Agnes Óskarsdóttir**
**börn og barnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Áskels Torfa Bjarnasonar**

**Anna Guðný Jóhannsdóttir**
**Ásgeir Arngrímsson**
**Árni Áskelsson** **Jóhanna Marín Jónsdóttir**
**Bjarni Áskelsson** **Ingibjörg H. Sigurðardóttir**
**Guðmundur Sveinn Áskelsson** **Þóra Bjarnadóttir**
**Guðni Torfi Áskelsson** **Júlíana Hilmisdóttir**
**Gestur Áskelsson** **Sigríður Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Margrét Ólafsdóttir**

hjúkrunarfræðingur, Skálateigi 3, Akureyri,

lést mánudaginn 20. mars.

**Hreinn Pálsson**
**Lára Hreinsdóttir** **Erlingur Jóhannsson**
**Ólafur Hreinsson** **Sigurbjörg María Ísleifsdóttir**
**Guðni Hreinsson** **Þórey Þöll Vilhjálmsdóttir**
**Hans Hreinsson** **Harpa Sif Þórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Okkar ástkæri

**Gísli Ísleifur Aðalsteinsson**

Austurbrún 2,

er látinn. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, miðvikudaginn 29. mars kl. 15.00.

**Kristín Gísladóttir** **Aðalsteinn Hallgrímsson**
**Ásdís Aðalsteinsdóttir** **Bergþór Jóhannsson**
**Kristín Björg Bergþórsdóttir**
**Jóhanna Guðrún Bergþórsdóttir**
**Steinunn María Bergþórsdóttir**
**Jóhann Gunnar Bergþórsson**
**Aðalsteinn Gunnar Bergþórsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Guðsteinn Vignir Guðjónsson**

frá Tunguhálsi,

sem lést á heimili sínu föstudaginn 17. mars, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 1. apríl klukkan 11. Jarðsett verður í Sauðárkrókskirkjugarði.

**Inga Björk Sigurðardóttir**
**Valborg Inga Guðsteinsdóttir** **Ólafur Kr. Jóhannsson**
**Heiðrún Edda Guðsteinsdóttir** **Haraldur Birgisson**
**Guðrún Brynja Guðsteinsdóttir** **Gylfi Ingimarsson**
**Ásdís Anna Guðsteinsdóttir** **Magnús Kristjánsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma okkar,

**Guðrún Erla Bjarnadóttir**

Núpalind 8, Kópavogi,

sem lést laugardaginn 18. mars, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 29. mars klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Ingólfur Ólafsson**
**Guðrún Ingólfsdóttir** **Sigurður Ólafsson**
**Bjarni Hrafn Ingólfsson** **Inga Þórisdóttir**
**Þór Ingólfsson** **Pia Hansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Borghildur Þórðardóttir**

frá Stöðvarfirði,

lést laugardaginn 18. mars sl. Útför fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 31. mars kl. 15.00.

**Þórður Helgason** **Svanhildur Kaaber**
**Guðjón Helgason**
**Þóra Helgadóttir** **Sigurður S. Sighvatsson**
**Sólveig Helgadóttir** **Óskar K. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur bróðir okkar og mágur,

**Gestur E.G. Gestsson**

frá Nýlendu, Garði,

lést laugardaginn 11. mars á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu að Nesvöllum í Reykjanesbæ. Útförin fer fram frá Útskálakirkju laugardaginn 25. mars kl. 13.00.

**Þorleifur Gestsson** **Díana Sjöfn Eiríksdóttir**
**Júlíus Gestsson** **Rannveig Guðnadóttir**
**Sigurður Gestsson** **Ingveldur Halla Sigurðardóttir**

---



✝

Elskuleg móðir okkar og amma,

**Friðrikka Elísabet Óskarsdóttir**

frá Kóngsstöðum í Skíðadal,

lést þann 13. mars á Dalbæ, Dalvík. Útförin verður frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 24. mars kl. 13.30.

**Þuríður Jóna Jóhannsdóttir**
**Valgerður María Jóhannsdóttir**
**Hlynur, Elísabet og Bjarki Vallýjarbörn**
**og fjölskyldur.**

# NAMMILAND

**50% AFSLÁTTUR ALLA FÖSTUDAGA, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA**



50%
AFSLÁTTUR FÖSTUDAGA LÍKA

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Sunnan hvassviðri eða stormur á. Snjókoma eða slydda í fyrstu, síðan hlýnar og rignir en úrkomulítið verður norðaustan til á landinu. Snýst í suðvestan hvassviðri eða storm um kvöldið og kólnar með éljum eða skúrum vestan til.




**Föstudagur**

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|---|---|
| 4° | 1° | 1° | 1° | 1° | -1° |
| ↗9 | ↗17 | ↗27 | ↗12 | ↗7 | ↗18 |

**Laugardagur**

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|---|---|
| 5° | 2° | 4° | 5° | 3° | 1° |
| ↗13 | ↗20 | ↗19 | ↑15 | ↗6 | ↗23 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 8 | | 2 | 4 | 9 | | 7 |
| | | 7 | | | 6 | | 3 | |
| | | | | 8 | | | | 6 |
| | 2 | 3 | 5 | | | | | |
| | 5 | | 6 | | | 8 | | |
| | | | | | 2 | 3 | 9 | |
| 5 | 7 | | | 3 | 1 | 4 | 6 | |
| | | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 1 | 9 | | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 9 | 3 | | | 2 | 5 |
| | | 3 | | 6 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 1 | | | |
| | | | 1 | | 3 | 9 | 5 | |
| | | 6 | | 9 | 4 | 3 | | 2 |
| 7 | | | | | | 8 | | |
| | | 1 | 3 | 5 | | | | 9 |
| | | | | | | 5 | | 8 |
| | | 2 | | | | 4 | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | 3 | | | 4 | 2 |
| | | 5 | 1 | | 4 | | | 6 |
| | | | 8 | 9 | | | 5 | |
| | | | | | | 4 | 3 | |
| | 5 | | | | 7 | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | |
| 3 | | | 5 | | | 7 | 1 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | 3 | | 8 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ryk
6. spil
8. stúlka
9. blessun
11. á fæti
12. móhraukur
14. gróðabrall
16. sjó
17. sönghópur
18. annríki
20. kusk
21. mannsnafn

**LÓÐRÉTT**
1. sía
3. umhverfis
4. öryggisbelti
5. knæpa
7. grátbiðja
10. ónotaður
13. draup
15. málmur
16. afbrot
19. númer



**LÁRÉTT:** 2. kusk, 6. ás, 8. mær, 9. lán, 11. tá, 12. drýli, 14. brask, 16. sæ, 17. kór, 18. önn, 20. ló, 21. karl. **LÓÐRÉTT:** 1. sáld, 3. um, 4. sætisól, 5. krá, 7. sárbæna, 10. nýr, 13. lak, 15. króm, 16. sök, 19. nr.

## Skák Gunnar Björnsson

Sigurbjörn Björnsson (Fjölni) átti leik gegn leik pólska stórmeistaranum Artur Jakubiec (Víkingaklúbbnum) á Íslandsmóti skákfélaga.

**Hvítur á leik**

**31. Bxa5! Hf6** (31. … Hxa5 32. Hd8+ Bxd8 33. Hbxd8+ með yfirburðartafli). **32. H1d7** og hvítur vann skákina allnokkru síðar.

**www.skak.is:** Skákþing Norðlendinga hefst á morgun.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 4 | 8 |
| 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 4 | 8 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 1 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 1 | 6 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 5 |
| 8 | 1 | 6 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 8 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Björgunarsveit Hafnarfjarðar

AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur Björgunarsveitar Hafnarfjarðar verður haldinn í Kletti, Hvaleyrarbraut 32, Hafnarfirði - fimmtudaginn **6. apríl kl. 19:00**

kl 19:00 Framhaldsfundur síðasta aðalfundar
Kl 20:00 Aðalfundur
Dagskrá er samkvæmt lögum félagsins

*Stjórn Björgunarsveitar Hafnarfjarðar*


THERMOBALL™
POWERED BY PRIMALOFT®
EINN JAKKI FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR
Léttur og lipur. Fáanlegur bæði með og án hettu.
Fáanlegur með bæði herra- og dömusniði.
Helst hlýr þótt hann blotni, þökk sé Thermoball einangruninni.
Hin byltingarkennda Thermoball einangrun er aðeins í North Face fötum.
Thermoball einangrun sem veitir einangrun sambærilega náttúrulegum dúni.
Pakkast saman í eigin vasa. Þú trúir því ekki hversu fyrirferðarlítill hann verður fyrr en þú sérð það.
Við höfum leyft viðskiptavinum okkar að njóta tollalækkana og gengisstyrkingar, sem hafa skilað sér í lægra vöruverði.
VERÐ NÚ
25.990
VERÐ HAUST 2017
29.990
VERÐ HAUST 2016
36.990
THE NORTH FACE
NEVER STOP EXPLORING
NORTH FACE HEITIR EFTIR KÖLDUSTU HLIÐ FJALLS OG SEGIR ÞAÐ SITT UM GÆÐI FATNAÐARINS, SEM ER HANNAÐUR TIL AÐ VERJA ÞIG FYRIR HVERS KYNS VEÐRI.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

HELGAFELL
FASTEIGNASALA

Knútur Bjarnason,
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali
Helgafell fasteignasala
s: 566-0000
www.helgafellfasteignasala.is




HÁALEITISBRAUT 40
Opið hús í dag, fimmtudag, milli 17:15 og 18:00.
Góð 4-ra herbergja íbúð með bílskúr á annari hæð við Háaleitisbraut.
Samtals 132,8 fm.
Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega.



Katrín Halldóra og Björgvin Franz sem systkinin Elly og Villi Vill. MYND/GRÍMUR BJARNASON

# Nýstirni rís

**LEIKLIST**

**Elly**

★★★★☆

**Borgarleikhúsið í samstarfi við Vesturport**

**Nýja sviðið**

**Höfundar:** Gísli Örn Garðarsson og Ólafur Egill Egilsson
**Leikarar:** Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Björgvin Franz Gíslason, Hjörtur Jóhann Jónsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir og Björn Stefánsson
**Hljómsveit:** Sigurður Guðmundsson, Aron Steinn Ásbjarnarson, Björn Stefánsson, Guðmundur Óskar Guðmundsson og Örn Eldjárn
**Leikstjórn:** Gísli Örn Garðarsson
**Leikmynd:** Börkur Jónsson
**Búningar:** Stefanía Adolfsdóttir
**Lýsing:** Þórður Orri Pétursson
**Tónlistarstjórn:** Sigurður Guðmundsson
**Hljóð:** Garðar Borgþórsson
**Höfundur sviðshreyfinga:** Selma Björnsdóttir
**Leikgervi:** Árdís Bjarnþórsdóttir

Eftirvæntingin var mikil á laugardagskvöldið þegar Borgarleikhúsið, í samstarfi við Vesturport, frumsýndi loksins Elly. Mikil leynd ríkti yfir hver myndi hreppa aðalhlutverkið og beið þeirrar leikkonu mikið verkefni að koma þessari ástsælustu dægurlagasöngkonu þjóðarinnar til skila. En áhorfendur þurfa ekki að kvíða neinu því að þeir eiga eftir að verða vitni að sjaldgæfri og hreint út sagt ógleymanlegri frammistöðu.

Katrín Halldóra Sigurðardóttir er gjörsamlega stórkostleg í hlutverki Ellyjar. Ekki eru nema tæp tvö ár síðan hún útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands og hefur hún dafnað með hverri sýningu. En í Elly springur hún út og nánast sprengir þakið af Borgaleikhúsinu. Hún heldur ekki eingöngu sýningunni uppi heldur færir hana í nýjar víddir. Hún gerir ekki tilraun til að herma eftir Elly, slíkt væri ógjörningur, heldur túlkar hún þessa mögnuðu og flóknu konu á sinn hátt.

Hlutverkið er einkar krefjandi enda þarf hún að koma heilli fullorðinsævi til skila frá fyrstu söngprufunni til síðustu augnablika ótrúlegs lífs sem endaði alltof snemma. Þetta gerir Katrín Halldóra af miklum þroska, húmor og næmi. Söngur hennar er líka kapítuli út af fyrir sig því hún syngur nefnilega eins og engill. Í lögunum mætast tónlistarleg túlkun Katrínar Halldóru á lögunum og tilfinningalegt ástand Ellyjar í framvindunni á magnaðan hátt.

Henni til halds og trausts eru þeir Björgvin Franz Gíslason og Hjörtur Jóhann Jónsson sem bregða sér í allra kvikinda líki. Stærsta hlutverk Björgvins er að koma Ragnari Bjarnasyni til skila sem hann gerir með ágætum þó að hann detti stundum í gryfju eftirhermunnar. Hjörtur Jóhann sýnir enn og aftur hversu fjölhæfur hann er, eftirtektarvert er hvernig hann leikur Svavar Gests meira í gegnum þagnirnar en orðin.

Önnur hlutverk eru í þynnri kantinum en Björn Stefánsson og Katla Margrét Þorgeirsdóttir skila þeim þokkalega. Auðvitað væri engin Elly án hljómsveitar og aðstandendur sýningarinnar taka upp á því þjóðráði að hafa hana á sviði nær allan tímann. Meðlimir sveitarinnar taka líka stundum beinan þátt í sýningunni og á Sigurður Guðmundsson heiðurinn af besta fimmaurabrandara ársins.

Ævisaga Ellyjar eftir Margréti Blöndal var höfð til hliðsjónar við vinnslu handritsins sem Ólafur Egill og Gísli Örn vinna í sameiningu. Hér er ansi hratt farið yfir sögu en öll ævi Ellyjar liggur hér til grundvallar. Höfundar bregða á það bráðsniðuga ráð að þræða þekktustu lög Ellyjar í gegnum sýninguna og gefa þeim nýja dýpt með því að tengja þau við atburði í lífi hennar. Handritið er samt örlítið klunnalegt á köflum.

Yfirhöfuð vinnur Gísli Örn gott leikstjórnarverk þar sem Elly sjálf er ávallt miðpunkturinn. Feilspor má þó finna í sýningunni, kannski fleiri en þægilegt þykir, svo sem innkomu spænska sölumannsins og apans Bongó. Leikmyndahönnuðurinn Börkur Jónsson umbreytir Nýja sviðinu í gamaldags næturklúbb á eftirminnilegan hátt. En kannski er ráð að endurhugsa númeralausu sætin en leikhúsgestum er ráðlagt að mæta snemma.

Búningahönnun Stefaníu Adolfsdóttur er bæði metnaðarfull og einstaklega vel heppnuð. Hvert smáatriði smellpassar og ballkjólarnir eru hver öðrum fallegri. Nauðsynlegt er líka að hrósa leikgervum Árdísar Bjarnþórsdóttur og þá sérstaklega hárgreiðslum Ellyjar en þær leiða okkur í gegnum hluta af sögu landsins. Hljóðvinnsla Garðars Borgþórssonar er einnig virkilega vel framkvæmd og mikilvægur þáttur í sýningunni.

Elly er meira eins og skemmtidagskrá með dramatískum undirtónum og frábærri tónlist en heildræn leiksýning. Það er kannski akkúrat ákjósanlegasta leiðin til þess að koma sögu þessarar einstöku konu til skila. En Katrín Halldóra stelur senunni, færir sýninguna yfir á annað plan og sýnir frammistöðu sem enginn má missa af.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Katrín Halldóra Sigurðardóttir vinnur leiksigur.

TRAUSTI
fasteignasala


Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali
og leigumiðlari
867-3040


Guðbjörg Matthíasdóttir.
hdl. Sölufulltrúi.
Er í  námi til löggildingar fasteigna-
fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984

Birkiholt 14, Álftanes
Opið hús í dag kl. 17:30 - 18:00




Endaraðhús með fjórum svefnherbergjum á þessum vinsæla stað á Álftanesinu. Eignin er 181,7 fm á tveimur hæðum. Einstaklega gott fjölskylduhús í göngufæri við alla helstu þjónustu. **Verð: 63,9 millj.**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is,
s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík




NÝTT
MJÁSAMLEGT PÁSKAEGG
MEÐ SÚKKULAÐIPERLUM
NÓI SÍRÍUS
TATTÚLIMMIÐI FYLGIR
JAFNVEL BETRA EN LASAGNA!
© Paws. All Rights Reserved.
facebook.com/noisirius



Nína Dögg Filippusdóttir og Björn Hlynur Haraldsson eru í aðalhlutverkum. Edda Arnljótsdóttir og Snæfríður Ingvarsdóttir leika mæðgur. Oddur Júlíusson fer einnig með ýmis hlutverk í sýningunni. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Tímaþjófurinn á svið

## Leikgerð eftir Tímaþjófnum, skáldsögu Steinunnar Sigurðardóttur, verður frumsýnd annað kvöld í Þjóðleikhúsinu.

Tímaþjófurinn, bók Steinunnar Sigurðardóttur rithöfundar, sló í gegn þegar hún kom út árið 1986. Efni hennar, eldheitt ástarævintýri, afdrif þess og afleiðingar, verður nú sett á svið í fyrsta sinn og frumsýnt annað kvöld, föstudag, í Kassanum í Þjóðleikhúsinu.

Melkorka Tekla Ólafsdóttir leiklistarráðunautur er höfundur leikgerðar. „Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri átti hugmyndina en bókin hefur verið í miklu uppáhaldi hjá mér frá því að hún kom út og mér fannst hún mjög spennandi viðfangsefni,“ segir hún og heldur áfram: „Una Þorleifsdóttir vann svo upp úr leikgerð minni sýningu með listrænum samverkamönnum og þar hafa sviðshreyfingar og tónlist mikið vægi.“

Sagan Tímaþjófurinn er að mörgu leyti óvenjulegt efni til leikgerðar, að sögn Melkorku sem lýsir því nánar. „Það er lítið um samtöl í bókinni því hún er fyrstu persónu frásögn og textinn á köflum mjög ljóðrænn. En það sem heillaði okkur í leikhúsinu er að bókin opnar heim sterkra ástríðna þar sem aðalpersónan er hrífandi, flókin og mótsagnakennd kona. Skáldsagan er ákveðinn leikur með formið, þar sem ljóðlist er blandað inn í söguna. Að sama skapi er leiksýningin ákveðinn leikur þar sem texti, hreyfingar og hljóðmynd mynda eina heild og leitast er við að ná fram ákveðnum ljóðrænum áhrifamætti. Engu að síður er verkið dramatísk saga um ást, höfnun, þráhyggju og missi.“

Melkorka segir Steinunni hafa sýnt henni traust og veitt listrænt frelsi. „Hún kom á fyrsta samlestur og hefur fylgst með æfingum í lokavikunni,“ lýsir hún en skyldi hún vera með fleiri verk Steinunnar í huga fyrir leiksvið? „Steinunn er í miklu eftirlæti hjá mér sem rithöfundur en eins og stendur er hugur minn alfarið hjá Tímaþjófnum.“

**gun@frettabladid.is**

# Sinfónían beint í æð

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★★★

**Verk eftir Kaiju Saariaho og Jean Sibelius.**

**Einleikari:** Sæunn Þorsteinsdóttir
**Stjórnandi:** Osmo Vänskä

**Norðurljós í Hörpu föstudaginn 17. mars**



Sæunn lék forkunnarfallega, segir í dómnum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur reglulega fram í Eldborg í Hörpu, en suma föstudaga treður hún upp í miklu minni sal, Norðurljósum. Spyrja mætti hvort einhverjir áheyrendur komist fyrir. Svarið er já, en ekki margir. Plúsinn er að þarna er tónleikagesturinn í aðeins nokkurra metra fjarlægð frá hljómsveitinni, og fær hana beint í æð eins og sagt er. Þetta er auðvitað tvíbent, ef hljómsveitin spilar illa verðar allir hnökrar skelfilega áberandi, en ef hún leikur vel er útkoman engu lík.

Tónleikar föstudagsraðarinnar hefjast klukkan sex og standa í um klukkutíma. Það er ekki ónýtt að enda vikuna þannig, láta þreytuna líða úr sér og hlusta á dýrindis tónlist.

Efnisskráin sl. föstudag var óvanaleg að því leyti að hún samanstóð af ýktum andstæðum. Annars vegar lék sellóleikarinn Sæunn Þorsteinsdóttir smágert verk eftir Kaiju Saariaho, Sept papillons, þ.e. Sjö fiðrildi. Hún flutti það ein án meðleiks hljómsveitarinnar. Hins vegar var spiluð tröllaukin tónsmíð, önnur sinfónía Sibeliusar. Stjórnandinn þar var Osmo Vänskä.

Byrjum á því fyrrnefnda. Sæunn lék forkunnarfallega, hún útfærði smæstu blæbrigði af einstakri nostursemi. Saariaho er eitt helsta tónskáld samtímans og um tíma lagði hún stund á rannsóknir í IRCAM, stofnun helgaðri rannsóknum á hljóði og framúrstefnulegri fagurtónlist sem er staðsett í París. Verk hennar eru dulúðug og dreymin, stemningin annarsheimsleg. Oft eru þau blanda af akústískum hljóðfæraleik og raftónum, en hér var ekkert slíkt uppi á teningnum. Sæunn lék ein og framkallaði furðuleg hljóð sem voru m.a. viðkvæmt hvísl, óræðar hendingar og ákaflega lokkandi hljómasamsetningar dýpstu og efstu tóna sellósins. Útkoman var hugleiðslukennd, þetta var ekki bara róandi tónlist, heldur fór hún með mann í ferðalag djúpt inn á við um óravíddir hugans.

Að vissu leyti er önnur sinfónía Sibeliusar líka leyndardómsfull. Hún byrjar á brotakenndum tónum og hljómum, stefbrot rísa og hníga svo aftur niður, heildarmyndin er ringulreið og framtíðin óljós. Ólíkt tónlist Saariaho fer þó myndin að skýrast eftir nokkra stund, stefin byrja að renna saman og á endanum vex tónlistin upp í yfirgengilegan hápunkt.

